

Alþingi
Erindi nr. P 138/309
komudagur 26.11.2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

25.11.2009.

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun
2009-2013, 200. mál,
liður c. Hvannstóð undir Reynisfjalli. Búsvæði brekkubobba**

Undirritaðir fyrir hönd íbúasamtakanna Betri byggðar í Vík í Mýrdal mótmæla hér með harðlega friðlýsingaráformum á hvannstöði í Reynisfjalli samanber c. lið ofangreindrar tillögu til þingsályktunar.

Greinargerð:

Íbúar í Vík hafa frá því byggð hófst þar haft hefðbundnar nytjar af fyrirhuguðu friðunarsvæði og krefjast þess að hafa þær áfram, svo sem fuglatekju og svæði undir matjurtagarða.

Í athugasemdum við þingsályktunina kemur fram í þingskjali 224-200. mál að brekkubobbar finnast á allmörgum stöðum á Suðurlandi. Færa má að því rök að umrædd tegund finnist á fleiri stöðum en þar kemur fram og því ljóst að tegundin er ekki í neinni útrýmingarhættu, enda segir í fylgigögnum með tillögunni að ógnanir séu engar.

Hvönnin í Reynisfjalli er afar ágeng tegund og veldur íbúum sem næst búa hvannastóðinu heilmiklum óþægindum.

Sveitarstjórn hefur hafnað þessari friðlýsingu. Engin formleg kynning á tilefni friðlýsingarinnar hefur farið fram í sveitarstjórn af hálfu stjórnvalda þó einstaka sveitarstjórnarmanni hafi verið greint frá áformunum.

Vitað er að mjög margir íbúar í Vík eru alfarið á móti þessari friðlýsingu, enda hefur íbúum aldrei verið kynnt til hvers og fyrir hvern friðunin er. Þá er reynsla Mýrdælinga af friðlýsingu Dyrhólaeyjar, vægast sagt afleit.


Íbúar í Vík eru fylgjandi raunhæfri náttúruvernd og hafa sýnt það í verki á ýmsum sviðum. En við teljum það forkastanleg vinnubrögð að stjórnvöld ætli að koma fram umræddri friðlýsingu í algjörri óþökk þeirra sem næst búa og í andstöðu við sveitarstjórn. Við mótmælum þeim vinnubrögðum stjórnvalda sem hér hefur verið lýst. Þau orð umhverfisráðherra um að tíminn frá því brekkubobbamálið kom fram síðast á Alþingi hafið verið notaður til að ná sáttum um friðlýsingu við heimamenn eru ekki rétt að minnsta kosti finnst ekkert um það í fundargerðum sveitastjórnar.


Á sama tíma og stjórnvöld dauf heyrast við ákalli íbúanna í Vík um varnaraðgerðir gegn þeirri stórkostlegu náttúruvá sem ógnar tilvist samfélagsins í Vík.

Stofnfundur áhugasamtaka um bættar samgöngur, jarðgöng um Reynisfjall og byggingu sjóvarnargarða við Vík var haldinn 23. október 2008. Félagar í dag eru 124 **íbúar** og samtökin heita **Betri byggð í Mýrdal**. (meðfylgjandi er félagatal, er fylgir frumrit til skjalaskráningar.)

Fulltrúar Betri Byggðar óska eftir að koma á fund umhverfisnefndar og skýra frekar sjónarmið íbúa.

Virðingarfyllst,
f.h. Betri byggðar í Mýrdal.


Jóhannes Kristjánsson formaður


Bryndís Fanney Harðardóttir


Þráinn Sigurðsson.

Ljósrit send:
Þingmönnum Suðurkjördæmis,
Umhverfisráðherra, Svandísi Svavarsdóttur.
Sveitastjórn Mýrdalshrepps.

**Stofnfundur samtaka um breytta veglínu í Mýrdalshreppi
haldinn í Vík 23. október 2008**

Nafn	Kennitala	Vil/Vill gerast stofnfélagi	
Wlfi Þórunn	181037-4239	X	1
Ólafur Þórunn	080367-4069	X	2
Johannes Þórunn	06952-3259	X	3
Þórunn Þórunn Þórunn	1603464949	X	4
Arnann hsi. Sissuðsson	2312763009	X	5
Ólafur Þórunn	021065-2939	X	6
Þórunn Þórunn Þórunn	100462-2579	X	7
Ólafur Þórunn	230263736A	X	8
Ólafur Þórunn	281277-4059	X	9
Þórunn Þórunn Þórunn	130387-2419	X	10
Ólafur Þórunn	100859 5529	X	11
Ólafur Þórunn	050451 3069	X	12
Margrét Þórunn	170960-4089	X	13
Ólafur Þórunn	170960-4169	X	14
Ólafur Þórunn	180650-4819	X	15
Ólafur Þórunn	001290-2549	X	16
Ólafur Þórunn	100989-2479	X	17
Ólafur Þórunn	101261-2209		
Ólafur Þórunn	081148-2799	X	18
Ólafur Þórunn	090629-3789	X	19
Ólafur Þórunn	091035-2989	X	20
Ólafur Þórunn	2801624345		
Ólafur Þórunn	260540-7364	X	21
Ólafur Þórunn	160242-4180	X	22
Ólafur Þórunn	291175-4229	X	23
Ólafur Þórunn	241180-4259	X	24
Ólafur Þórunn	2010585009		

Mýrdælingar í takt!

**Stofnfundur samtaka um breytta veglínu í Mýrdalshreppi
haldinn í Vík 23. október 2008**

Nafn	Kennitala	Vil/Vill gerast stofnfélagi	
Sigfríð Sigurdsson	280928759	X	25
Karl Kolmann	1903604669	X	26
Þráumur Sigurdsson	210377-4259	X	27
Boynni F. Harðardóttir	190754-3859	X	28
Finnur Sam. Björnsson	18.1738.7169	X	29
Gudmúj Helgadóttir	010146-2679	X	30
Keistur Línarsdóttir	220653-4209	X	31
Sigurjon Rútsson	081244-2199	X	32
Þráinn Arsonsson	070687-2769	X	33
Smeiri Tomasson	1909545449	X	34
Sigurjon Eyjólfsson	0705713669	X	35
Gyðjólfr Sigurjonsson	1506476819	X	36
Þórunn Ólafsdóttir	270246-4009	X	37
Sigurjon Ólafsson	160252-4729	X	38
Ólafur Ólafsson	300152-3619	X	39
Pjetur F. Björnsson	090170-3099	X	40
Bernhardur Ásþórsson	130567-4019	X	41
Ólafur Björnsson	120476-5369	X	42
Ingvar Jóhannsson	2704824739	X	43
Ólafur Guðlaugsson	300582-5679	X	44
Phatharawadee Saithong (Ben)	300185-8279	X	45
Guðrún Lílía Gísladóttir	170689-2409	X	46
Reynir Reynisson	160134-3139	X	47
Sigurjon Sigurjonsson	021039-4629	X	48
Ólafur Sveinsson	3004912009	X	49
Gísli D. Þorsteinsson	031157-4989	X	50

Mýrdælingar í takt!

**Stofnfundur samtaka um breytta veglínu í Mýrdalshreppi
haldinn í Vík 23. október 2008**

Nafn	Kennitala	Vil/Vill gerast stofnfélagi	
Jóhanna Jónsdóttir	190760-5619	X	51
Andrína G. Erlingsdóttir	220571-4599	X	52
Þorvaldur Baldursson	281075-8299	X	53
Ólafur Þorgeirsson	040959-4759	X	54
Ólafur Þorgeirsson	010373-4769	X	55
Þórunn Jón Gunnars	070957-5909	X	56
Hilmar Þorgeirsson	060757-4539	X	57

Mýrdælingar í takt!

4

**Stofnfundur samtaka um breytta veglínu í Mýrdalshreppi
haldinn í Vík 23. október 2008**

Nafn	Kennitala	Vil/Vill gerast stofnfélagi	
Heimis Tomasson	190973-3011	X	58
Jóna Tomasson	270843-7571	X	59
Sigríður Þorvaldur	020247-7769	X	60
Jóns Þjáðarson	021243-3109	X	61
Ársell Þorvaldur	140761-2499	X	62
Andreas Karlalattis	210387-2699	X	63
Einar Kræmerisson	1704484999	X	64

Mýrdælingar í takt!

Undir ritaðuð/ritaður gerist hér með stofnfélagi-
félagi í áhugasamtökunum um bættar samgöngur.

Betri byggð í Mýrdal

Nafn	Kennitala	
Kjartan S. Jónsson	110391-3239	65
Guðmundur O. Þorsteinsson	221280-4509	66
Jóna Jónsdóttir	200859-2409	67
Anna Gunnarsdóttir	110266-5109	68
Victoria Jónsson	271072-2369	69
Sigurður H. Jónsson	971053-5479	70
Ólafur Þórir Haldrupsson	260241-7039	71
Agust Karl Björnsson	151169-5219	72
Sveinn Þorsteinsson	141080-4199	73
Guðmundur Þórir Guðjónsson	140655-4069	74
Sigurður H. Haldrupsson	060158-3205	75
Jón MC/BJ	090934-2241	76
Ólafur Björnsson	030366-5309	77
Róbertur Benediktsson	220249-4179	78
Guðmundur Jónsson	221280-3509	79

Mýrdælingar í takt!

Undir ritaðuð/ritaður gerist hér með stofnfélagi-
félagi í áhugasamtökunum um bætta samgöngur.

Betri byggð í Mýrdal

Nafn	Kennitala	
Sólveig Guðmundsdóttir	220636 2919	80
Helga Víðarsd.	050650 2519	81
Hildur Andrésdóttir	01052646 99	82
Víðar Björqvinnsson	010825 3939	83
Einar Magnússon	291258 3999	84
Hakur Einarsson	161089 2919	85
Bjarna Víðarsdóttir	290155 5769	86

Mýrdælingar í takt!



Alþingi

Austurstræti 6-8
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. *D* / 38 / 754
komudagur 15. 12. 2009

Reykholti, 14. desember 2009
0912011 SHJ

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um Náttúruverndaráætlun 2009 - 2013

Byggðaráð Bláskógabyggðar tók erindið fyrir á fundi sínum þann 1. desember 2009 og var eftirfarandi bókað við afgreiðslu erindisins:

Tillaga til þingsályktunar um Náttúruverndaráætlun 2009-2013.

Byggðaráð gerir engar athugasemdir við umrædda tillögu til þingsályktunar um Náttúruverndaráætlun 2009-2013.

Þessi bókun byggðaráðs var síðan staðfest í sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 8. desember 2009.

Virðingarfyllst

Valtýr Valtýsson
Sveitarstjóri Bláskógabyggðar

Akureyri 30. nóvember 2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík


Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá umhverfisnefnd Alþingis **tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009 - 2013**, 200. mál. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórnin gerir ekki athugasemdir við friðlýsingu þeirra svæða sem upp eru talin, enda ekkert þeirra á starfssvæði samtakanna, þ.e. Norðurlandi eystra. Stjórnin vill hins vegar koma á framfæri almennum ábendingum.

Aðkallandi er gera breytingar á vinnubrögðum við gerð náttúruverndaráætlunar. Áætlunin er nú unnin miðlægt af starfsmönnum tveggja stofnana ríkisins í Reykjavík auk umhverfisráðuneytis án eðlilegs samráðs við sveitarstjórnir og heimamenn. Líta verður á það sem grundvallaratriði að náðið samráð sé haft við viðkomandi sveitarstjórnir og þeim sé ætlað frumkvæði í þessum málum. Sveitarfélögin fara með skipulagsvaldið og augljóst er að friðlýsingar svæða varða hagsmuni þeirra.

Eins og fram kemur í greinargerð er enn unnið að friðlýsingu svæða sem eru í fyrri áætlun og ekki hefur verið hrundið í framkvæmd enn. Mikilvægt er að kalla eftir skýrari forgangsröðun fjármuna á sviði náttúruverndar. Full ástæða er til að staldra við og e.t.v. tilnefna færri svæði, ef ekki eru tök á að fylgja eftir þeim friðlýsingum sem þegar hafa verið samþykktar, enda er fjöldi og stærð friðlýstra svæða hér á landi þegar orðinn mikill, eða sem svarar tæplega 20% af flatarmáli Íslands.

f.h. stjórnar Eyþings


Pétur Þór Jónasson
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 138/494
komudagur 7.12.2009



FÍN
Félag íslenskra
náttúrufræðinga

Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 4. desember 2009

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013, 200. mál.

Félagi íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) barst tölvupóstur frá Umhverfisnefnd Alþingis, dagsett 19. nóvember 2009, þar sem óskað er eftir að félagið veiti umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013, 200. mál.

FÍN gerir ekki athugasemdir við ofangreint frumvarp en lýsir hins vegar ánægju sinni á að ætlunin sé að vinna að friðlýsingu 12 svæða og stuðla að verndun íslenskrar náttúru.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga

Páll Halldórsson, formaður FÍN



Alþingi
Erindi nr. P 138/451
komudagur 4.12.2009

Alþingi

Kirkjustræti
150 Reykjavík

Fljótsdalshéraði, 4. desember 2009
nr. erindis 200906066 AHB

Á fundi bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs 02.12 2009 var fundargerð umhverfis- og héraðsnefndar Fljótsdalshéraðs dags.25.11 2009 til umfjöllunar og neðangreint erindi tekið fyrir.

Tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009

Eftirfarandi tillaga lögð fram: Bæjarstjórn tekur undir með umhverfis- og héraðsnefnd og vísar til fyrri bókunar nefndarinnar frá 18.júní 2009 vegna umsagnar hennar til umhverfisnefndar Alþingis. Enn hefur ekkert tillit verið tekið til vinnu og tillagna sveitarfélagsins og væntir bæjarstjórn þess að bót verði ráðin þar á.

Samþykkt samhljóða.

Þetta tilkynnist hér með.



Héraðs- og umhverfisfulltrúi Fljótsdalshéraðs
Skarphéðinn Smári Þórhallsson


Alþingi
Erindi nr. P 138/389
komudagur 2. 12. 2009

1.12.2009

Umhverfisnefnd Alþingis

Fyrri umsagnir sem ég hef sent um náttúruverndaráætlunina eru í fullu gildi frá minni hendi. Mín skoðun hefur ekkert breyst. Ég er alfarið mótfallinn þeirri friðun sem verið er að tala um á jörð minni Egilsstöðum I. Vísast hér með til þessara fyrri umsagna og þeirra raka sem þar koma fram.

Með kveðju,
Gunnar Jónsson, Egilsstöðum



HAFNARFJÖRÐUR

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/602
komudagur 9.12.2009

Alþingi

Kirkjustræti
150 Reykjavík

Hafnarfirði, 7. desember 2009
0906057 GVA

Efni: Náttúruverndaráætlun 2009-2013, tillaga til þingsáætlunar


Á fundi skipulags og byggingarráðs Hafnarfjarðar 1. desember s.l., var etirfarandi mál:

Umhverfisnefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013. Tillagan var send til umsagnar á 136. og 137. löggjafarþingi, og er umsagnaraðilum gefinn kostur á að leggja fram nýja umsögn fyrir 30.11.2009 eða láta fyrri umsögn gilda.

Trausti Baldursson vék af fundi við afgreiðslu málsins. Skipulags- og byggingarráð ákveður að láta fyrri umsögn dags, 19.06. 2009 gilda.

Virðingarfyllt,

Byggingafulltrúinn / Hafnarfirði
Sigurður Steinar Jónsson
~~F.h. Sigurður Steinar Jónsson~~
Sigurður Steinar Jónsson



Hafnarfjörður, 19. júní 2009

Náttúruverndaráætlun 2009 – 2013, umsögn Hafnarfjarðarbæjar.

Hafnarfjarðarbæ hefur borist bréf dags. 5. júní 2009 þar sem Umhverfisnefnd alþingis óskar eftir umsögn varðandi tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009 – 2013.

Að þessu sinni er Hafnarfjarðarbær ekki með í náttúruverndaráætluninni en í bókun umhverfisnefndar/staðardagsskrár 21 frá 15. júní sl. kemur fram að nefndin fagni þingsályktunartillögunni og lýsir yfir ánægju sinni með það sem þar kemur fram. Hafnarfjarðarbær gerir því enga athugasemd við erindið.

Virðingarfyllst.

Berglind Guðmundsdóttir

landslagsarkitekt fíla
Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar

Strandgata 6 | 220 Hafnarfjörður
Sími 585 5519 | GSM 664 5619

www.hafnarfjordur.is



Alþingi
Erindi nr. Þ 138/450
komudagur 4.12.2009

Alþingi - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 1. desember 2009
Tilv.: 0906012

Vísað er til umsagnarbeiðni frá umhverfisnefnd Alþingis um
Þingsályktunartillögu um Náttúruverndaráætlun 2009 – 2013,
200. mál. Umsagnarbeiðnin er dagsett er 19. nóvember sl.

Fyrri umsögn Háskólans á Akureyri um tillöguna, dagsett 14. janúar
2009, gildir sem svar.

Virðingarfyllst,

Stefán B. Sigurðsson, rektor

7.12.2009

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/493
komudagur 7-12-2009

Umhverfisnefnd Alþingis


Landbúnaðarháskóla Íslands hafa borist til umsagnar tillögur til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013, 200. mál og um hagsmuni Íslands í loftslagsmálum, 9. mál.

Landbúnaðarháskóli Íslands gerir ekki athugasemdir við ofangreind frumvörp.

Virðingarfyllt

Ólafur Arnalds
Deildarforseti umhverfiseildar

LANDGRÆÐSLA RÍKISINS



Alþingi
Erindi nr. Þ 138/306
komudagur 26.11.2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Gunnarsholti, 24. nóvember 2009


Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013, 200. mál

Landgræðsla ríkisins hefur á þessu stigi málsins ekki athugasemdir við efnislegt inntak tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013.


Landgræðsla ríkisins lítur alla verndun og friðun lands jákvæðum augum, enda falla slíkar aðgerðir að markmiðum stofnunarinnar þar sem unnið er gegn hraðfara jarðvegseyðingu og hnignun gróins lands.

Landgræðsla ríkisins er ein hin elsta landverndarstofnun veraldar og býr yfir mikilli þekkingu á leiðum til endurheimtar landgæða og til sjálfbærni. Sérfræðingar stofnunarinnar eru reiðubúnir til að veita allar þær ráðleggingar sem óskað kann að verða eftir í sambandi við þetta mál, m.a. með því að mæta á fund hlutaðeigandi nefndar sé eftir því óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. Landgræðslu ríkisins



Birkir Snær Fannarsson
hdl.



Alþingi
Erindi nr. Þ 138/283
komudagur 25.11.2009

Alþingi
Nefndasvið
Kirkjustræti
101 Reykjavík


Akranesi 24. nóvember 2009

Tilvísun: L08120010/022.1/MG/--

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2009-2013 - Þskj. 224 - 200 mál

Landmælingar Íslands fengu þann 19. nóvember 2009 til umsagnar frá Alþingi þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2009-2013, þskj. 224, 200. mál. Rétt er að taka fram að stofnunin sendi umsögn sína til Alþingis um þingsályktunina þann 5. janúar 2009 en í eftirfarandi umsögn koma fram nýjar ábendingar til viðbótar við þær sem áður voru fram komnar. Eftirfarandi er umsögn Landmælinga Íslands vegna þingsályktunarinnar:


1. Í þingsályktuninni kemur fram að takmarkaðar upplýsingar séu til um náttúrufar friðlýstra svæða og að mikilvægt sé að bæta úr þeim þekkingarskort. Landmælingar Íslands taka undir þessa ábendingu og vilja jafnframt benda á að þörf er að vinna góð grunnkort af friðlýstum svæðum sem geti nýst sem flestum sem á þurfa að halda. Einnig er mikilvægt að tiltæk séu góð grunnkort t.d. varðandi hæðarupplýsingar, vatnafar og gróður af landinu öllu enda tengjast umhverfismál og mjög svo vaxandi ferðamennska landinu öllu þó að sum svæði séu friðlýst vegna sérstaks verndargildis.
2. Mikilvægt er að landfræðileg gögn sem unnin verða séu vegna náttúruverndaráætlunar séu gerð aðgengileg öllu samfélaginu án hindrana og að horft sé til þess að gögnin nýtist í víðu samhengi.
3. Landmælingar Íslands vilja vekja á því athygli að mikilvægt er að mörk jarða og lóða á Íslands auk margvíslegra stjórnsýslumarka s.s. sveitarfélaga og þjóðlendulína séu gerð öllum aðgengileg á Íslandi með nýjustu upplýsingatækni. Gögn sem þessi eru mjög mikilvæg þegar farið verður í samninga við landeigendur um friðlýsingar.
4. Landmælingar Íslands vilja einnig vekja athygli á því að hvergi er í nýjum drögum að náttúruverndaráætlun fyrir árin 2009-2013 vikið að því hvernig koma eigi í veg fyrir akstur utan vega á hálendi Íslands, þ.m.t. á friðlýstum svæðum. Að margra mati er aukin utanvegaakstur ein stærsta ógn við sérstæða náttúru Íslands og því væri eðlilegt að tengja átak til þess að koma í veg fyrir slíkt landsáætlun um náttúruvernd.
5. Í texta þingsályktunarinnar kemur fram að í fyrsta kasti megi framkvæma grunngreiningar á náttúruverndarsvæðum með fyrirliggjandi gögnum. Landmælingar



Íslands vilja vekja athygli á því að nokkuð hefur skort á að gögn sem unnin eru fyrir opinbert fé séu aðgengileg þeim sem á þurfa að halda. Þessu þarf að breyta og mun ný tilskipun Evrópusambandsins um landupplýsingar sem nefnist INSPIRE stuðla að því. Stofnunin hefur unnið greinargerð fyrir umhverfísráðuneytið um innleiðingu tilskipunarinnar. Greinargerðina um INSPIRE er hægt að nálgast á heimasíðu Landmælinga Íslands www.lmi.is. Einnig er rétt að fram komi að vinna við gerð frumvarps um INSPIRE tilskipunina er langt komin í umhverfísráðuneytinu.

6. Landmælingar Íslands taka undir ábendingar sem fram koma í þingsályktuninni um nauðsyn þess að undirbúa vel gerð náttúruverndaráætlunar fyrir árin 2014-2018. Jafnframt tekur stofnunin undir að tryggja þarf nægjanlegt fjármagn fyrir stofnanir umhverfísráðuneytisins til grunnagnaöflunar. Því tengist meðal annars að framlög til grunnkortagerðar landsins séu nægjanleg en Landmælingar Íslands skulu leiða slíkt verkefni samkvæmt lögum.
7. Í þingsályktuninni er sett fram kostnaðarmat vegna náttúruverndaráætlun 2009-2013. Það er mat Landmælinga Íslands að upplýsingar um kostnað við öflun grunnagna (þ.m.t. kortagerð) sé ekki nægjanlega sýnilegur í framangreindu kostnaðarmati.

Bestu kveðjur



Magnús Guðmundsson
forstjóri Landmælinga Íslands



Alþingi
Erindi nr. Þ 138/365
kom Alþingi 1.12.2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

Reykjavík, 30.11.2009
Tilvísun vor: 98.11

150 REYKJAVÍK

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013
- 200. mál**

Vísað er í bréf umhverfisnefndar Alþingis, dags. 19. nóvember 2009, þar sem óskað er eftir umsögn Landsvirkjunar við ofangreinda þingsályktunartillögu.

Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009–2013 er nú lögð fram í þriðja sinn en sambærilegar tillögur voru lagðar fram á 136. og 137. löggjafarþingi án þess að það næðist að ljúka umfjöllun um tillögurnar. Landsvirkjun hefur fengið eldri tillögur til umsagnar og skilaði inn umsögnum til umhverfisnefndar Alþingis fyrst þann 15. janúar 2009 og síðast þann 30. júní síðastliðinn.

Í ljósi þess að óverulegar breytingar hafa verið gerðar á fyrri þingsályktunartillögu vísar Landsvirkjun til athugasemda sem fram hafa komið í eldri umsögnum. Fyrri umsögn og greinargerð er því hjálögð og vísast til hennar varðandi afstöðu fyrirtækisins og efnislega umfjöllun um einstaka þætti fyrirbyggjandi tillögu.

Virðingarfyllst

Hörður Arnarsson
forstjóri

Hjál.

**Greinargerð Landsvirkjunar
um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009 - 2013**

Inngangur

Í kaflanum *Náttúruverndaráætlun 2009-2013, friðlýsing 13 svæða og forsendur* kemur fram að í tillögu umhverfisráðuneytis er í fyrsta sinn lagt til að beita friðlýsingu á svæðum sem búa yfir fágætum vistgerðum á hálendi landsins. Hér er um að ræða svokallaða rústamýrarvist er snertir tvö fyrirhuguð virkjunarsvæði (Norðlingaölduveita, Skatastaðavirkjun) og breiskjuhraunavist á friðlandinu við Laka og í nágrenni þess. Er það eina svæðið á miðhálandinu þar sem sú vistgerð hefur fundist. Þá er lagt til að Langisjór og nánasta umhverfi hans verði friðlýst og felld inn í Vatnajökulsþjóðgarð á grundvelli sérstakrar gígaraðar og náttúrufegurðar. Önnur fyrirhuguð friðlýsingarsvæði snerta ekki beina virkjunarhagsmuni Landsvirkjunar og því verður ekki fjallað um þau hér.

Mikilvægt er að allar þær tillögur um friðlýsingu er koma fram í Náttúruverndaráætlun **hvíli á skýrum faglegum grunni bæði hvað varðar þekkingu á náttúrunni og mati á verndargildi hennar**. Raunar má segja að forsenda fyrir óskum um friðlýsingu hljóti lögum samkvæmt að vera þörf fyrir verndun svæðis (og/eða tegunda) vegna fágætis eða sérstöðu á landsvísu eða heimsvísu. Þessi sjónarmið koma fram í greinargerð með þingsályktunartillögunni og er Landsvirkjun þeim sammála. Því miður hefur að mati Landsvirkjunar viljað brenna við að engan veginn fullnægjandi skýringar hafi komið fram um þörf fyrir aukna verndun eða friðun nokkurra þeirra svæða sem nú þegar eru friðuð.

Þá kemur einnig fram í greinargerð með tillögunni, og er **mikilvægt að hafa í huga þegar fjallað er um fyrirliggjandi tillögur um friðlýsingar að ákveðinn sveigjanleiki sé fyrir hendi við framkvæmd friðlýsinga þó ekki sé hvikað frá þeirri stefnu að setja upp net verndarsvæða út frá vísindalegum forsendum og faglegu mati**. Raunar er þessi skoðun í anda náttúruverndarlaganna en í fyrirliggjandi tillögum koma fram tillögur um hertar verndaraðgerðir án fullnægjandi rökstuðnings þvert gegn anda laganna. Verður nánar vikið að því hér á eftir.

Allt frá því um 1970 hefur Landsvirkjun stundað rannsóknir vegna áforma um Norðlingaöldulón og veitu og mögulegra áhrifa á náttúrfar Þjórsárvera. Áfallinn kostnaður Landsvirkjunar vegna þessa á árunum 1998 til 2009 er 10,5 milljónir bandaríkjadala eða um 1.281 milljónir íslenskar króna (gengi dollars 122 kr.). Áætlaður kostnaður Landsvirkjunar fram að árinu 1998 er nokkuð hærri.

Rústamýravist

Rök fyrir stækkun friðlands Þjósárvera og friðlýsingu Orravatnsrústa byggist á svokallaðri rústamýravist, sem er nýlegt hugtak yfir gróðurfar á sífrerasvæðum.

Rústamýravist er hallalítið, vel gróið votlendi, hátt til fjalla, samsett úr mörgum gróðurfélögum. Yfirborð er breytilegt með tjörnum, flóa- og mýrasundum, lækjum, lækjadrögum og rústum með klakalinsum. Rústirnar eru sérkennilegar bungur sem lyft hafa upp úr votlendinu og þornað. Þær eru mismunandi að stærð, lögun og gróðurfari. Rústamýravist er bundin við miðhálandið í yfir 450-500 m hæð á svæðum þar sem loftslag er kalt, úrkoma lítil, grunnvatnsstaða há, jarðvegur þykkur og að meiri hluta lífrænn.

Í tillögunni er lagt er til að rústamýravist á hálandi Íslands verði friðuð. Vistgerðin er vel afmörkuð á ákveðnum svæðum miðað við þær ytri aðstæður er gera slíkt vistkerfi mögulegt.

Í viðauka með tillögunni kemur fram að **markmiðið** með stækkun friðlands Þjósárvera og Orravatnsrústa sé verndun staðbundinnar vistgerðar á hálandinu sem telst alþjóðlega verndarþurfi en rústamýrum fer fækkandi hér á landi. Vistgerðin þykir óvenju fjölbreytt miðað við aðrar þekktar vistgerðir á hálandinu og hefur verulegt vísindalegt gildi. Rústamýrar hafa einnig sérstakt verndargildi vegna þess að þær eru meðal þeirra búsvæða sem talin eru í hættu af aðildarþjóðum Bernarsamningsins og njóta því sérstakrar verndar

Í viðaukanum kemur fram að rústamýravist sé **útbreidd norðan Vatnajökuls á Vesturöræfum, Fljótsdalsheiði, Jökuldalsheiði** og umhverfis Hofsjökul og vestur að Langjökli, þ.e. í Þjósárverum sunnan Hofsjökuls, Orravatnsrústum norðan hans og í Guðlaugstungum og Álfgestungum norðvestan jökulsins. Rústamýrar með dreifðum rústum er einnig að finna norðan og sunnan þessa aðalsvæðis. Viðáttumestu og fjölbreyttustu rústasvæði á landinu eru í Þjósárverum og í Guðlaugstungum, **sem þegar eru friðlýst svæði. Sú spurning hlýtur að vakna, í ljósi þess hve útbreidd þessi vistgerð er hvers vegna talið er nauðsynlegt að friðlýsa svæði, eins og t.d. með stækkun friðlandsins neðan Þjósárvera, þar sem nánast engin rústamýravist er skráð samkvæmt skýrslu frá Umhverfisstofnun.**

Í viðauka er á bls. 30 sagt að núverandi landnotkun vistkerfisins séu *beitarlönd, orkuvinnslusvæði og útivist*. Hvað varðar landnotkunina orkuvinnslusvæði, er gerð Kvíslalóns eina orkumannvirki hérlendis, sem áhrif hefur haft á nærliggjandi rústasvæði. Afar víðfeðm rústasvæði er raunar að finna á Fljótsdalsheiði þar sem aðrennslisgöng að Kárahnjúkavirkjun liggja á um 150 m dýpi og hafa því engin áhrif á þau.

Í framhaldi af því er fjallað um *ógnir* og þar er talið að hugmyndir um virkjanir geti ógnað tilvist sumra rústamýra landsins. Hér er notað hæpið orðalag svo ekki sé sterkar að orði kveðið. Staðreyndin er sú að núverandi tillögur um veitulón í Þjósá neðan Þjósárvera ógna ekki á nokkurn hátt vernum upp með ánni eða hliðarám Þjósár. Sama á við um áhrif Kárahnjúkavirkjunar á rústamýravist á Fljótsdalsheiði. Fyrirhugað

Bugslón Skatastaðavirkjunar ógnar ekki þeim rústamýrum er þar finnast. Því er það út í hött og í algjörrri mótsögn við anda náttúruverndarlaga og fyrrnefnd almenn sjónarmið um náttúruvernd að fullyrða slíkt.

Loks er í almenna kaflanum um rústamýrarvist fjallað um framkvæmd friðunar þar sem nánast allar athafnir mannsins verða bannaðar á þessum svæðum. Þar segir (bls. 30): **”Lagt er til að tilgreind verði og vernduð lykilsvæði fyrir rústamýravist á hálendi Íslands. Þar yrðu allar framkvæmdir og athafnir sem leitt geta til röskunar á vistgerðinni fortakslaust bannaðar. Alls er um að ræða þrjú svæði og eru tvö þeirra þegar friðuð að hluta með einhverjum hætti. Breyta þarf mörkum og stækka sum þeirra til að tilætluðum markmiðum um verndun lykilsvæða verði náð.”**

Hér er á ferðinni nýtt sjónarmið, sem er í mótsögn við inngangskafla að Náttúruverndar-áætlun þar sem lögð er áhersla á sveigjanleika og samstarf. Almennt verður að hafa í huga að margskonar starfsemi getur þrífist á svæðum þar sem þessa vistgerð er að finna og það hefur engin áhrif á verndargildi hennar. Landsvirkjun dregur í efa að þörf sé á að setja í reglugerð um friðlýsingu bannvið athöfnum manna sem hafa augljóslega engin áhrif á það vistkerfi, sem friðlýsing byggist á.

Friðunartillögurnar ná aðeins til lítils hluta af þeirri rústamýrarvist sem hér á landi er að finna. Eins og kemur fram hér að framan og í viðauka með tillögunni er þessi vistgerð algeng mjög víða á miðhálandinu og því verður ekki séð að þessu vistkerfi í heild stafi ógn af athöfnum mannsins. Meginógnin er hlýnandi loftslag, sem flestir vita að muni breyta þessum vistkerfum. Samt sem áður telja höfundar þessarar tillögu ástæðu til að taka svo til orða.

Hér á eftir verður fjallað um þau tvö svæði sem lagt er til að verði friðlýst á grundvelli rústamýravistar, þ.e. stækkun friðlandsins í Þjórsárverum og Orravatsrústir.

Stækkun friðlands í Þjórsárverum

Greinargerð með tillögum um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum er fátækleg. Tillagan í greinargerðinni er svohljóðandi:

“Lagt er til að mörk friðlandsins í Þjórsárverum verði færð út þannig að það nái yfir allt votlendi veranna, sbr. meðfylgjandi kort, og verði alls um 1.152 km², eða um 115.160 ha. Þar með mundu bætast við nokkur rústamýrasvæði sem eru utan friðlandsins auk þess sem ákvæði stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar um verndun hins sérstæða votlendis veranna væru uppfyllt. Jafnframt yrðu friðlýsingarskilmálar styrktir og bann lagt við röskun innan svæðisins.”

Sjá meðfylgjandi yfirlitskort.

Eins og kunnugt er felldi settur umhverfissráðherra þann úrskurð í janúar 2003 að fallist væri á framkvæmdina (Norðlingaölduveitu) með þeim skilyrðum að veitumannvirki yrðu utan friðlands Þjórsárvera. Í þeirri tilhöggun er fram kom í úrskurði ráðherra var annars vegar gert ráð fyrir veitulóni að mestu í farvegi Þjórsár og hins vegar sérstöku

setlóni neðan Þjórsárjökuls þar sem kvíslum frá jöklinum var veitt til Kvíslaveitna. Síðar felldi Héraðsdómur Reykjavíkur þann úrskurð að gera þyrfti sérstakt mat á umhverfisáhrifum fyrir þessa veitu og féll Landsvirkjun þá frá áformum um gerð hennar. Var hönnun Norðlingaölduveitu því breytt og aðeins gert ráð fyrir veitulóni í farvegi Þjórsár austan við Norðlingaöldu.

Ekki kemur fram hvar þau rústasvæði eru sem ætlunin er að friða með hinni miklu stækkun á núverandi friðlandi til suðurs. Það ætti þó að vera forsenda fyrir tillögunni um stækkun friðlandsins lögum samkvæmt. Gróðurfarsrannsóknir hafa aðeins verið gerðar á litlum hluta fyrirhugaðrar stækkunar friðlandsins, í Eyvafeni og nágrenni sunnan núverandi friðlandsmarka. Samkvæmt skýrslu frá Náttúrufræðistofnun sem unnin var á árinu 2004 var rústamýrarrvist ekki merkjanleg sem skráð vistkerfi sunnan núverandi friðlandsmarka Þjórsárvera þó svo að stöku ummerki rústa hafi fundist þar í mýrarsvæðum. Skýrsla Náttúrufræðistofnunar leiðir í ljós að gróðurfar í Eyvafeni tilheyrir að mestu sandmýrarrvist. Vistgerð þessi finnst einkum í lægðum þar sem vatn flæðir yfir tímabundið og sandur, vikur og áfoksefni berast að og mynda jarðveg. Einkenni vistgerðarinnar er m.a. há og breytileg vatnsstaða með miklum sandburði og í skýrslunni eru leiddar líkur að því að engin breyting verði á jarðvatnsstöðu eða þessum ytri skilyrðum gróðurs eftir gerð veitulóns. Skýrslan staðfestir að gróðurgerð á þessu svæði er annars eðlis en hið friðaða votlendi Þjórsárveranna norðar.

Allt frá því að umhverfisráðherra felldi úrskurð sinn á árinu 2003 komu fram raddir um að nauðsynlegt væri að stækka friðlandið í Þjórsárverum. Þjórsárver afmarkast að vestanverðu af Hnífá sem sést vel á meðfylgjandi gróðurfarsmynd. Svæðið sunnan Hnífár kallast Fjórðungssandur og var öldum saman harðdrægur ferðakafla á leiðinni um Sprengisand. Núverandi mörk friðlandsins ná yfir meginhluta þess svæðis sem kallast Þjórsárver. Það er einna helst að norðaustanverðu, þ.e. upp með efsta hluta Þjórsár sem vistkerfi finnast sem líkjast stærsta hluta veranna. Eftir að fallið var frá hugmyndum um gerð veitu og setlóns við Þjórsárjökul kom fram eindregnari vilji stjórnvalda til að skoða stækkun friðlandsins.

Umhverfisráðherra skipaði hinn 22. nóvember 2006 sérstakan starfshóp til að fara yfir og kanna möguleika á stækkun friðlandsins í Þjórsárverum og til að endurskoða núverandi mörk friðlandsins og skilmála friðlýsingar. Í þennan starfshóp voru tilnefndir sérfræðingur frá Umhverfisstofnun sem formaður og auk hans fulltrúar sveitarfélaga á svæðinu. Náði nefndin sátt um stækkun á mörkum friðlands Þjórsárvera, sbr. meðfylgjandi yfirlitskort, og gerði tillögur um breytingu á reglugerð um friðlandið.

Í tillögu til þingsályktunar er þess hvergi getið að náðst hafi sátt við heimamenn um eðlilega stækkun friðlandsins í Þjórsárverum. Þvert ofan í álit ofangreindrar nefndar umhverfisráðherra er í tillögunni lögð til stækkun friðlandsins til suðurs, sem flestir aðilar starfshópsins töldu ekki þörf á og engin fagleg rök mæla með eins og kemur fram hér að framan. Starfshópurinn um náttúruverndaráætlun tekur hins vegar upp í sínum tillögum önnur mörk á stækkun friðlandsins, þ.e. að vestan, norðan og austan, en bætur svo við svæði sunnan veranna, rétt suður fyrir fyrirhugað veitulón í Þjórsárfarvegi. Það er gert á grundvelli rústamýrarrvistgerðar sem afar lítið er um á svæðinu. Fagleg rök eru engin og þessi tillaga er andstæð ákvæðum 66. gr. náttúruverndarlaga nr.44/1999.

Staðreyndin er sú að sátt hefur náðst um mörk friðlandsins með tillögum til umhverfisráðherra í mars 2007. Sveitastjórnir hafa lagt áherslu á að staðið verði að stækkun friðlandsins á faglegum grundvelli úr því stjórnvöld telja þetta svæði svo mikilvægt að stækka þurfi friðlandið. Það er því áleitin spurning hvers vegna ekki var farið að tillögum starfshóps umhverfisráðherra frá því í mars 2007. Tillaga Landsvirkjunar er sú að fallist verði á tillögur um mörk á stækkun friðlands í Þjorsárverum, í samræmi við það sem samstarfshópur umhverfisráðuneytis og viðkomandi sveitarfélaga lagði til með álitinu sínu í mars 2007.

Orravatnsrústir

Í viðauka með tillögunni er að finna afar fátæklega röksemd fyrir friðlýsingu Orravatnsrústa, sem hafa um langt árabil verið á náttúruminjaskrá en sérstaða þessa svæði er hversu hátt yfir sjávarmáli landið er á þessum slóðum.

Í viðauka með tillögu um náttúruverndaráætlun segir:

“Hér er að finna sérstæðasta freðmýrasvæði landsins. Lagt er til vernda um 73 km² svæði umhverfis Orravatnsrústir. Þar með yrði meginþorri rústamýra á þessum slóðum innan marka friðlands. Austari-Pollar, austan Jökulsár eystri, yrðu þó undanskildir. Mörkin mundu ná frá Jökulsá í suðri, þar sem hún sveigir við Illviðrahnjúka, og norður fyrir Reyðarvatn. Í vestri mundu mörkin teygjast eftir vatnaskilum norður um Bleikáluháls og í austri sömuleiðis fylgja vatnaskilum rústamýrasvæðisins við Orravatn. Verndarákvæði væru hliðstæð þeim sem gilda munu um Þjorsárver og Guðlaugstungur.”

Hugmyndir hafa um áraraðir verið um að virkja Jökulsá Austari með gerð miðlunarlóns við Buga. Hönnun miðlunar við Buga er á frumhönnunarstigi og því ekki ljóst hver endanleg lónhæð gæti orðið. Allar seinni tíma hugmyndir um þá miðlun hafa miðast við að hlífa Orravatnsrústum og svæðinu umhverfis sem er á náttúruminjaskrá. Miðað við núverandi tillögu að friðunarmörkum myndi vestasti hluti Bugslónsverða innan friðlandsmarkanna. Rústirnar á svæðinu liggja nokkru hærra en fyrirhugað lón og nýjustu hugmyndir að stærð lónsins miða við að öllum rústasvæðum innan þessara friðlandsmarka verði hlíft. Landsvirkjun telur því á þessu stigi rétt að draga mörk friðlands nokkru sunnan og vestan við Orravatn og þaðan beint til suðurs í farveg Austari Jökulsár. Með því móti væri langstærsti hluti rústasvæðanna innan friðlandsins og möguleiki væri áfram fyrir miðlun í Bugum vegna Skatastaðavirkjunar. Þannig væru nánast engar rústir á því svæði sem félli utan friðlandsmarka. Eðlilegt væri að fjalla um þessi viðhorf við vinnu 2. áfanga rammaáætlunar.

Sjá meðfylgjandi yfirlitskort af svæðinu.

Friðun á Langasjó og nærliggjandi svæði

Tillaga um friðun á þessu landsvæði er gerð á grundvelli jarðfræðiverndunar. Í tillögunni segir:

“Lagt er til að Langisjór og nánasta umhverfi hans verði friðlýst og fellt inn í Vatnajökulshrygggarð. Langir móbergshryggir úr basalti, myndaðir við sprungugos undir jökli, einkenna svæðið. Eldgjársprungan liggur um svæðið austanvert, en hún er 60 km löng og er lengsta gígaröð sem gosið hefur á landinu á sögulegum tíma. Langisjór og umhverfi hans er þekkt fyrir náttúrufegurð þar sem dökkbrúnt móbergið ásamt svörtum vikrinum frá Veiðivatnagosinu 1477 kallast á við tært fjallavatnið og mosagróður í fjallahlíðum. Á svæðinu er einstakt samspil jarðelds og jökla við mótun landsins.”

Í viðauka kemur fram að markmið með friðlýsingunni sé að friðlýsa svæði sem hefur að geyma einstakar jarðmyndanir og þá einkum móbergshryggi sem hafa búið til og mótað sérstætt landslag, tilkomumikil víðerni og sérstæðar vistgerðir. Svæðið teygir sig langt suðvestur fyrir Langasjó og er yfir 40 km á lengd.

Í minnisblaði sem Kristján Sæmundsson jarðfræðingur hefur unnið fyrir Landsvirkjun um verndargildi móbergshryggjana við Langasjó á landsvísu segir m.a.

“Að gerð og myndun eru móbergshryggirnir suðvestan Vatnajökuls ekki einstakir. Hið sérstaka við þá er lengdin og landslagið sem þeir móta. Langir og beinir móbergshryggir koma fyrir á Reykjanesskaga (Móhálsar), norður af Kverkfjöllum og í Vestra gosbeltinu norðaustan við Þingvallavatn. Í viðauka við þingsályktunartillöguna er sagt að einkennissvæði alþjóðlega heitisins tindar í merkingunni móbergshryggur séu hryggirnir á svæðinu sem friða skal. Það er ekki rétt. Þeir eru norðaustan við Þingvelli og í Laugarvatnsfjöllum þar sem eru Tindaskagi, Kálfstindar, Klukkutindar og Skriðutindar.---

Auk móbergshryggja inn af Þingvallasveit og í Laugarvatnsfjöllum eru þar einnig móbergsstapar sem gefa lítið eftir þeim hinum í Norðurgosbeltinu um ferskleika og útlit. Enn eitt sem gefur hryggjum og stöpum austan megin í Þingvallalægðinni gildi umfram Langasjó „og nágrenni“ eru löng misgengi og skörp í landslagi (gjárnar) en slíkt er ekki að finna milli Tungnaár og Skaftár. Þetta hafa þeir séð sem unnu skýrslu um „Verndun jarðminja á Íslandi“. Tillögur vegna náttúruverndaráætlunar 2002“ (Helgi Torfason og Ingvar Atli Sigurðsson, 2002). Þar komst Langisjór og hryggirnir umhverfis hann ekki á blað nema smáskiki norðvestast í ferhyrningi kringum Skaftáreldahraun sem þar er lagt til að friða. Hins vegar er þar lagt til að svæði austan Þingvallahrygggarðs með móbergshryggjum, stöpum og dyngjum verði friðað. Vegna jarðfræðinnar sýnist að eðlilegast sé að fylgja þeirri tillögu.”

Í ljósi þessa er að mati Landsvirkjunar engin forsenda fyrir friðlýsingu á grundvelli þess að hér sé um að ræða einstæða jarðmyndun. Í viðauka með tillögunni kemur fram helsta ógn við það náttúrufar svæðisins sem verið er að friða séu virkjunaráform. Að mati Landsvirkjunar er myndun veitulóns innan við Langasjó og gerð jarðganga yfir í Tungnaárdrög ekki á nokkurn hátt ógn við verndargildi svæðisins sem eru fyrst og fremst hinir löngu móbergshryggir. Hugmyndin um þessa tilhögun á veitulóni gæti einmitt verið skynsamleg málamiðlun við að friða Langasjó fyrir mannvirkjagerð og nýta afrennsli jökulsins í vestustu kvíslar Skaftár til orkuvinnslu.



Landsvirkjun

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

Reykjavík, 18.06.2009
Tilvísun vor: 98.11

150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013, 52. mál

Vísað er í bréf umhverfisnefndar Alþingis, dags. 5. júní 2009, þar sem óskað er eftir umsögn Landsvirkjunar við ofangreinda þingsályktunartillögu.

Þingsályktunartillagan er hér orðrétt endurflutt frá síðasta þingi. Landsvirkjun fékk þá tillögu til umsagnar og skilaði inn umsögn til umhverfisnefndar Alþingis þann 15. janúar sl. ásamt ítarlegri greinargerð. Fyrri umsögn og greinargerð er því hjálögð og vísast til hennar varðandi afstöðu fyrirtækisins og efnislega umfjöllun um einstaka þætti fyrirbyggjandi tillögu.

Í tillögu að náttúruverndaráætlun er lagt til að friðlýst verði þrjú svæði þar sem munu skarast hagsmunir verndar og orkunýtingar, en þau eru stækkun friðlands Þjórsárvera, friðlýsing rústasvæða í grennd við Orravatn og svæðið innan við Langisjó. Rökstuðningur fyrir tillögum um friðlýsingu þessara svæða er að fyrirhuguð virkjunarmannvirki ógni þeirri rústamýravistgerð sem er að finna á svæðinu umhverfis núverandi friðland í Þjórsárverum og í grennd við Orravatsrústir og að veita vesturkvíslar Skaftár til Tungnaár kunni að ógna móbergsmýndunum við Langasjó. Í meðfylgjandi greinargerð Landsvirkjunar er fjallað nánar um þessi svæði og möguleika á að sátt náist um mörk þessara friðlanda þannig að tilgangi friðunar en einnig mögulegrar nýtingar verði náð.

Í greinargerð Landsvirkjunar er bent á að hugmyndir um orkunýtingu og verndun á þessum svæðum voru til umfjöllunar í niðurstöðu 1. áfanga rammaáætlunar á árinu 2003. Frá þeim tíma hefur verið unnið að margskonar rannsóknum og breyttum áætlunum til að draga úr umhverfisáhrifum orkunýtingar á þessum svæðum eða í grennd við þau. Þessar nýju áætlanir munu verða til umfjöllunar í 2. áfanga rammaáætlunar, sem ætlað er að mynda grunn að áætlun um verndun og nýtingu náttúrusvæða í samræmi við stefnu núverandi ríkisstjórnar. Á meðan á þeirri vinnu stendur telur Landsvirkjun eðlilegt að fresta einhliða tillögum um friðlýsingu þessara svæða eða þar til fjallað hefur verið um verndargildi þeirra og hugsanleg áhrif orkunýtingar á þau náttúruverðmæti sem þar kunna að vera í húfi. Ákvörðun um friðlýsingu síðar myndi þá byggjast á niðurstöðu þeirrar vinnu.

Á fundi með umhverfisnefnd Alþingis 18. febrúar sl. var farið efnislega yfir þær athugasemdir sem Landsvirkjun hafði við fyrirbyggjandi náttúruverndaráætlun.





Í nefndarálitum umhverfisnefndar Alþingis (þskj. 864-192. mál) var á þann veg að leita yrði leiða til að ná sáttum um mörk friðlýstra svæða þar sem ágreiningur væri um þau. Telji umhverfisnefnd mikilvægt að friðlýsing ofangreindra svæða nái fram að ganga á næsta friðlýsingartímabili getur Landsvirkjun fallist á nefndarálit umhverfisnefndar síðasta þings sem ásættanlega niðurstöðu. Sömu sjónarmið koma einnig fram í grein eftir umhverfisráðherra í Morgunblaðinu 17. júní sl.

Að öðru leyti vísast til meðfylgjandi greinargerðar Landsvirkjunar um þingsályktunartillöguna.

Virðingarfyllst

Friðrik Sophusson
forstjóri

Hjal.



Landsvirkjun

Nefndasvið Alþingis
Berist iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10

Reykjavík, 15.01.2009
Tilvísun vor: 98.11

150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013, þskj. 239 - 192. mál

Að beiðni umhverfisnefndar Alþingis er hér með lätin í té neðangreind umsögn Landsvirkjunar um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013, þskj. 239 - 192. mál.

Í tillögu að ályktuninni kemur fram að á næstu fimm árum skuli unnið að friðlýsingu 13 svæða til þess að stuðla að traustri verndun íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd hér á landi. Tilgangurinn er að koma upp neti verndarsvæða til þess að tryggja verndun landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni, þess sem sérstætt er í náttúru landsins, fágætt eða í hættu og að friða náttúruleg landsvæði til náttúruverndar, vísindarannsókna, vöktunar og útivistar.

Sú náttúruverndaráætlun sem hér er kynnt er önnur áætlunin sem unnin er frá gildistöku endurskoðaðra náttúruverndarlaga árið 1999 og nær til fimm ára tímabils frá 2009-2013. Gildistíma og framkvæmd fyrstu náttúruverndaráætlunar 2004-2008 lauk um sl. áramót.

Umhverfisráðherra skipaði starfshóp í júlí 2007 til þess að vinna að undirbúningi nýrrar náttúruverndaráætlunar fyrir árin 2009-2013. Starfshópurinn skipuðu embættismenn ráðuneytisins og stofnana þess en formaður starfshópsins var frá umhverfisráðuneytinu.

Fjöldi svæða sem friðlýst hafa verið hér á landi, í árslok 2008, á grundvelli náttúruverndarlaga eða með sérlægum til náttúruverndar, er nú 96 og er flatarmál þeirra um 19.500 km², sem samsvarar tæplega 20% af flatarmáli Íslands. Til samanburðar má nefna að milli 8 og 10% flatarmáls nágrannaþjóða okkar er friðlýst svæði í dag. Hæsta hlutfall á heimsvísu er í Nýja Sjálandi eða um 23% flatarmáls landsins. Gangi áform um friðlýsingar samkvæmt nýliðinni Náttúruverndaráætlun og þeirri sem hér er kynnt má áætla að hlutfall friðlýstra svæða verði 30-40% af flatarmáli landsins.

Rétt er að vekja athygli á því að sérstaklega eru tilgreind í erindisbréfi frá umhverfisráðuneyti þau svæði sem starfshópurinn eigi að leggja áherslu á og eru í dag friðlýst, þ.e. Þjórsárver og Vatnajökulspjöldgarður, en í skipunarbréfi starfshópsins segir: *"Við gerð áætlunarinnar verði lögð áhersla á að bæta framkvæmd og eftirlit með þegar friðlýstum svæðum, friðlýsingu á miðhálandi Íslands, svo sem Þjórsárvera og jaðursvæðu Vatnajökulspjöldgarðs, auk ákveðinna viðkvæmra svæða og náttúrufyrirbæra í hafinu umhverfis Ísland. Við gerð áætlunarinnar skyldi starfshópurinn taka mið af fenginni reynslu af gildandi náttúruverndaráætlun 2004.2008."*





Þetta orðalag er óvanalegt að sjá í erindisbréfum nefnda, sem í þessu tilviki skal vinna að náttúruverndaráætlun og á að miða vinnu sína við 66. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, en þar kemur skýrt fram hvaða viðmið eigi að hafa að leiðarljósi við gerð tillagna um friðun eða verndun. Þar segir m.a. að í náttúruverndaráætlun skuli tillögur um friðlýsingu byggjast á vísindalegum rannsóknum um náttúrufar og vistkerfi viðkomandi svæðis hafi hátt náttúruverndargildi, m.a. út frá fágæti eða sérstöðu.


Í tillögu að náttúruverndaráætlun er lagt til að friðlýst verði þrjú svæði þar sem munu skarast hagsmunir verndar og orkunýtingar, en þau eru stækkun friðlands Þjórsárvera, friðlýsing Orravatnsrústa og að Langisjór og nágrenni verði hluti af Vatnajökulsþjóðgarði. Rökstuðningur fyrir tillögum um friðlýsingu þessara svæða er að fyrirhuguð virkjunarmannvirki ógni þeirri rústamýravistgerð sem er að finna á svæðinu umhverfis núverandi friðland í Þjórsárverum og í grennd við Orravatnsrústir og að veita vesturkvíslar Skaftár til Tungnaár kunni að ógna jarðfræðimyndunum við Langasjó. Tillögurnar virðast því beinlínis settar fram á þeim forsendum að koma í veg fyrir hugmyndir um orkunýtingu á þessum svæðum. Eins og kemur fram í meðfylgjandi greinargerð er að mati Landsvirkjunar ótrúverðugt að hugsanleg mannvirki kunni að ógna ofangreindum vistgerðum eða jarðfræði viðkomandi svæða og enn síður á landsvísu. Tillaga um friðlýsingu þeirra á því ekki rétt á sér lögum samkvæmt.

Í þessu sambandi má nefna að umhverfisráðherra skipaði hinn 22. nóvember 2006 sérstakan starfshóp til þess að fara yfir og kanna möguleika á stækkun friðlandsins í Þjórsárverum og til að endurskoða núverandi mörk þess og skilmála friðlýsingar. Í þennan starfshóp voru tilnefndir sérfræðingur frá Umhverfisstofnun sem formaður og auk hans fulltrúar sveitarfélaga á svæðinu. Náði starfshópurinn sátt um stækkun á mörkum friðlands Þjórsárvera og gerði tillögur um breytingu á reglugerð um friðlandið. Í friðlýsingartillögum þeim er hér liggja fyrir er farið eftir tillögum starfshópsins hvað varðar mörk friðlandsins, en suðurmörk þó færð langt suður á Fjórðungssand, en því hafði starfshópurinn eindregið áður hafnað. Engin rök eru færð fyrir þessari tillögu, enda er hún greinilega ekki sett fram á forsendum náttúruverndar heldur að því er virðist fyrst og fremst til að koma í veg fyrir veitulón í farvegi Þjórsár.

Loks er rétt að benda á að hugmyndir um orkunýtingu á þessum svæðum voru til umfjöllunar í niðurstöðu 1. áfanga rammaáætlunar á árinu 2003. Frá þeim tíma hefur verið unnið að margskonar rannsóknum og breyttum áætlunum til að draga úr umhverfisáhrifum orkunýtingar á þessum svæðum eða í grennd við þau. Þessar nýju áætlanir munu verða til umfjöllunar í 2. áfanga rammaáætlunar, sem ætlað er að mynda grunn að áætlun um verndun og nýtingu náttúrusvæða í samræmi við stefnu núverandi ríkisstjórnar. Á meðan á þeirri vinnu stendur telur Landsvirkjun eðlilegt að fresta einhliða tillögum um friðlýsingu þessara svæða eða þar til fjallað hefur verið um verndargildi þeirra og hugsanleg áhrif orkunýtingar á þau náttúruverðmæti sem þar kunna að vera í húfi. Ákvörðun um friðlýsingu síðar myndi þá byggjast á niðurstöðu þeirrar vinnu.

Að öðru leyti vísast til meðfylgjandi greinargerðar Landsvirkjunar um þingsályktunartillöguna.

Virðingarfyllt


Agnar Olsen
staðgengill forstjóra



Landsvirkjun

Skrifstofa forstjóra

15.01.2009

Mál: 98.11

Greinargerð Landsvirkjunar

um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009 - 2013

Inngangur

Í kaflanum *Náttúruverndaráætlun 2009-2013, friðlýsing 13 svæða og forsendur* kemur fram að í tillögu umhverfissráðuneytis er í fyrsta sinn lagt til að beita friðlýsingu á svæðum sem búa yfir fágætum vistgerðum á hálendi landsins. Hér er um að ræða svokallaða rústamýravist er snertir tvö fyrirhuguð virkjunarsvæði (Norðlingaölduveita, Skatastaðavirkjun) og breiskjuhraunavist á friðlandinu við Laka og í nágrenni þess. Er það eina svæðið á miðhálandinu þar sem sú vistgerð hefur fundist. Þá er lagt til að Langisjór og nánasta umhverfi hans verði friðlýst og felld inn í Vatnajökulspjóðgarð á grundvelli sérstakrar gígaraðar og náttúrufegurðar. Verði þessi tillaga samþykkt þýðir það í reynd að útilokað verður að veita efstu drögum Skaftár til Tungnaár. Önnur fyrirhuguð friðlýsingarsvæði snerta ekki beina virkjunarhagsmuni Landsvirkjunar og því verður ekki fjallað um þau hér.

Mikilvægt er að allar þær tillögur um friðlýsingu er koma fram í Náttúruverndaráætlun **hvíli á skýrum faglegum grunni bæði hvað varðar þekkingu á náttúrunni og mati á verndargildi hennar**. Raunar má segja að forsenda fyrir óskum um friðlýsingu hljóti lögum samkvæmt að vera þörf fyrir verndun svæðis (og/eða tegunda) vegna fágætis eða sérstöðu á landsvísu eða heimsvísu. Þessi sjónarmið koma fram í greinargerð með þingsályktunartillögunni og er Landsvirkjun þeim sammála. Því miður hefur að mati Landsvirkjunar viljað brenna við að engan veginn fullnægjandi skýringar hafi komið fram um þörf fyrir aukna verndun eða friðun nokkurra þeirra svæða sem nú þegar eru friðuð.

Þá kemur einnig fram í greinargerð með tillögunni, og er mikilvægt að hafa í huga **þegar fjallað er um fyrirbyggjandi tillögur um friðlýsingar að ákveðinn sveigjanleiki sé fyrir hendi við framkvæmd friðlýsinga þó ekki sé hvikað frá þeirri stefnu að setja upp net verndarsvæða út frá vísindalegum forsendum og faglegu mati**. Raunar er þessi skoðun í anda náttúruverndarlaganna en í fyrirbyggjandi tillögum koma fram tillögur um hertar verndaraðgerðir án fullnægjandi rökstuðnings þvert gegn anda laganna. Verður nánar vikið að því hér á eftir.

Rústamýravist

Rök fyrir stækkun friðlands Þjórsárvera og friðlýsingu Orravatnsrústa byggist á svokallaðri rústamýravist, sem er nýlegt hugtak yfir gróðurfar á sífrerasvæðum.

Rústamýravist er hallalítið, vel gróið votlendi, hátt til fjalla, samsett úr mörgum gróðurfélögum. Yfirborð er breytilegt með tjörnum, flóa- og mýrasundum, lækjum, lækjadrögum og rústum með klakalinsum. Rústirnar eru sérkennilegar bungur sem lyfst hafa upp úr votlendinu og þornað. Þær eru mismunandi að stærð, lögun og gróðurfari. Rústamýravist er bundin við miðhálandið í yfir 450-500 m hæð á svæðum þar sem

loftslag er kalt, úrkoma lítil, grunnvatnsstaða há, jarðvegur þykkur og að meiri hluta lífrænn.

Í tillögunni er lagt er til að rústamýravist á hálendi Íslands verði friðuð. Vistgerðin er vel afmörkuð á ákveðnum svæðum miðað við þær ytri aðstæður er gera slíkt vistkerfi mögulegt.

Í viðauka með tillögunni kemur fram að **markmiðið** með stækkun friðlands Þjórsárvera og Orravatnsrústa sé verndun staðbundinnar vistgerðar á hálendinu sem telst alþjóðlega verndarþurfi en rústamýrum fer fækkandi hér á landi. Vistgerðin þykir óvenju fjölbreytt miðað við aðrar þekktar vistgerðir á hálendinu og hefur verulegt vísindalegt gildi. Rústamýrar hafa einnig sérstakt verndargildi vegna þess að þær eru meðal þeirra búsvæða sem talin eru í hættu af aðildarþjóðum Bernarsamningsins og njóta því sérstakrar verndar

Í viðaukanum kemur fram að rústamýravist sé **útbreidd norðan Vatnajökuls á Vesturöræfum, Fljótsdalsheiði, Jökuldalsheiði** og umhverfis Hofsjökul og vestur að Langjökli, þ.e. í Þjórsárverum sunnan Hofsjökuls, Orravatnsrústum norðan hans og í Guðlaugstungum og Álfgeirstungum norðvestan jökulsins. Rústamýrar með dreifðum rústum er einnig að finna norðan og sunnan þessa aðalsvæðis. Viðáttumestu og fjölbreyttustu rústasvæði á landinu eru í Þjórsárverum og í Guðlaugstungum, **sem þegar eru friðlýst svæði. Sú spurning hlýtur að vakna, í ljósi þess hve útbreidd þessi vistgerð hvers vegna er talið nauðsynlegt að friðlýsa svæði, eins og t.d. með stækkun friðlandsins neðan Þjórsárvera, þar sem nánast engin rústamýravist er skráð samkvæmt skýrslu frá Umhverfisstofnun.**

Í viðauka er á bls. 30 sagt að núverandi landnotkun vistkerfisins séu *beitarlönd, orkuvinnslusvæði og útivist*. Hvað varðar landnotkunina, orkuvinnslusvæði, er hér ofsagt en einu tengsl orkuvinnslu um viðfeðm rústasvæði landsins eru aðrennslisgöng að Kárahnúkavirkjun á um 150 m dýpi undir Fljótsdalsheiði.

Í framhaldi af því er fjallað um *ógnir* og þar er talið að hugmyndir um virkjanir geti ógnað tilvist sumra rústamýra landsins. Hér er notað hæpið orðalag svo ekki sé sterkar að orði kveðið. Staðreyndin er sú að núverandi tillögur um veitulón í Þjórsá neðan Þjórsárvera ógna ekki á nokkurn hátt verunum upp með ánni eða hliðarám Þjórsár. Sama á við um áhrif Kárahnjúkavirkjunar á rústamýravist á Fljótsdalsheiði. Fyrirhugað Bugslón Skatastaðavirkjunar ógnar ekki á nokkurn hátt þeim rústamýrum er þar finnast. Því er það út í hött og í algjörri mótsögn við anda náttúruverndarlaga og fyrirnefnd almenn sjónarmið um náttúruvernd að fullyrða slíkt.

Loks er í almenna kaflanum um rústamýravist fjallað um framkvæmd friðunar þar sem nánast allar athafnir mannsins verða bannaðar á þessum svæðum. Þar segir (bls. 30): **”Lagt er til að tilgreind verði og vernduð lykilsvæði fyrir rústamýravist á hálendi Íslands. Þar yrðu allar framkvæmdir og athafnir sem leitt geta til röskunar á vistgerðinni fortakslaust bannaðar. Alls er um að ræða þrjú svæði og eru tvö þeirra þegar friðuð að hluta með einhverjum hætti. Breyta þarf mörkum og stækka sum þeirra til að tilætluðum markmiðum um verndun lykilsvæða verði náð.”**

Hér er á ferðinni nýtt sjónarmið. Allar athafnir mannsins er leitt geta til breytinga á vistkerfi þessara svæða verða bannaðar, þar á meðal umferð um þessi svæði sem þó þekja aðeins lítinn hluta þessa vistkerfis eins og fram kemur hér að framan. Þetta sjónarmið er algjörlega andhverft við inngangskafli að Náttúruverndaráætlun þar sem lögð er áhersla á sveigjanleika og samstarf. Almennt verður að hafa í huga að margskonar starfsemi getur þrífist á svæðum þar sem þessa vistgerð er að finna og það hefur engin áhrif á verndargildi hennar. Landsvirkjun dregur í efa að ráðuneyti umhverfismála geti í reglugerð um friðlýsingu bannað umgengni og athafnir manna sem hafa augljóslega engin áhrif á það vistkerfi, sem friðlýsing byggist á.

Friðunartillögurnar ná aðeins til lítils hluta af þeirri rústamýravist sem hér á landi er að finna. Eins og kemur fram hér að framan og í viðauka með tillögunni er þessi vistgerð algeng mjög víða á miðhálandinu og því verður ekki séð að þessu vistkerfi í heild stafi ógn af athöfnum mannsins. Meginógnin er hlýnandi loftslag, sem flestir vita að muni breyta þessum vistkerfum. Samt sem áður telja höfundar þessarar tillögu ástæðu til að taka svo til orða.

Hér á eftir verður fjallað um þau tvö svæði sem lagt er til að verði friðlýst á grundvelli rústamýravistar, þ.e. stækkun friðlandsins í Þjórsárverum og Orravatnsrústir.

Stækkun friðlands í Þjórsárverum

Greinargerð með tillögum um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum er fátækleg. Tillagan í greinargerðinni er svohljóðandi:

“Lagt er til að mörk friðlandsins í Þjórsárverum verði færð út þannig að það nái yfir allt votlendi veranna, sbr. meðfylgjandi kort, og verði alls um 1.152 km², eða um 115.160 ha. Þar með mundu bætast við nokkur rústamýrasvæði sem eru utan friðlandsins auk þess sem ákvæði stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar um verndun hins sérstæða votlendis veranna væru uppfyllt. Jafnframt yrðu friðlýsingarskilmálar styrktir og bann lagt við röskun innan svæðisins.”

Sjá meðfylgjandi yfirlitskort.

Eins og kunnugt er felldi settur umhverfisráðherra þann úrskurð í janúar 2003 að fallist væri á framkvæmdina (Norðlingaölduveitu) með þeim skilyrðum að veitumannvirki yrðu utan friðlands Þjórsárvera. Í þeirri tilhögun er fram kom í úrskurði ráðherra var annars vegar gert ráð fyrir veitulóni að mestu í farvegi Þjórsár og hins vegar sérstöku setlóni neðan Þjórsárjökuls þar sem kvíslum frá jöklinum var veitt til Kvíslaveitna. Síðar felldi Héraðsdómur Reykjavíkur þann úrskurð að gera þyrfti sérstakt mat á umhverfisáhrifum fyrir þessa veitu og féll Landsvirkjun þá frá áformum um gerð hennar. Var hönnun Norðlingaölduveitu því breytt og aðeins gert ráð fyrir veitulóni í farvegi Þjórsár austan við Norðlingaöldu.

Ekki kemur fram hvar þau rústasvæði eru sem ætlunin er að friða með hinni miklu stækkun á núverandi friðlandi til suðurs. Það ætti þó að vera forsenda fyrir tillögunni um stækkun friðlandsins lögum samkvæmt. Gróðurfrarsrannsóknir hafa aðeins verið gerðar á litlum hluta fyrirhugaðrar stækkunar friðlandsins, í Eyvafeni og nágrenni sunnan núverandi friðlandsmarka. Samkvæmt skýrslu frá Náttúrufræðistofnun sem unnin var á árinu 2004 var rústamýravist ekki merkjanleg sem skráð vistkerfi sunnan núverandi friðlandsmarka Þjórsárvera þó svo að stöku ummerki rústa hafi fundist þar í

mýrarsvæðum. Skýrsla Náttúrufræðistofnunar leiðir í ljós að gróðurfar í Eyvafeni tilheyrir að mestu sandmýrarvist. Vistgerð þessi finnst einkum í lögðum þar sem vatn flæðir yfir tímabundið og sandur, vikur og áfoksefni berast að og mynda jarðveg. Einkenni vistgerðarinnar er m.a. há og breytileg vatnsstaða með miklum sandburði og í skýrslunni eru leiddar líkur að því að engin breyting verði á jarðvatnsstöðu eða þessum ytri skilyrðum gróðurs eftir gerð veitulóns. Skýrslan staðfestir að gróðurgerð á þessu svæði er annars eðlis en hið friðaða votlendi Þjórsárveranna norðar.

Allt frá því að umhverfisráðherra felldi úrskurð sinn á árinu 2003 komu fram raddir um að nauðsynlegt væri að stækka friðlandið í Þjórsárverum. Þjórsárver afmarkast að vestanverðu af Hnífá sem sést vel á meðfylgjandi gróðurfarsmynd. Svæðið sunnan Hnífár kallast Fjórðungssandur og var öldum saman harðdrægur ferðakafli á leiðinni um Sprengisand. Núverandi mörk friðlandsins ná yfir meginhluta þess svæðis sem kallast Þjórsárver. Það er einna helst að norðaustanverðu, þ.e. upp með efsta hluta Þjórsár sem vistkerfi finnst sem líkjast stærsta hluta veranna. Eftir að fallið var frá hugmyndum um gerð veitu og setlóns við Þjórsárjökul kom fram eindregnari vilji stjórnvalda til að skoða stækkun friðlandsins.

Umhverfisráðherra skipaði hinn 22. nóvember 2006 sérstakan starfshóp til að fara yfir og kanna möguleika á stækkun friðlandsins í Þjórsárverum og til að endurskoða núverandi mörk friðlandsins og skilmála friðlýsingar. Í þennan starfshóp voru tilnefndir sérfræðingur frá Umhverfisstofnun sem formaður og auk hans fulltrúar sveitarfélaga á svæðinu. Náði nefndin sátt um stækkun á mörkum friðlands Þjórsárvera, sbr. meðfylgjandi yfirlitskort, og gerði tillögur um breytingu á reglugerð um friðlandið.

Í tillögu til þingsályktunar er þess hvergi getið að náðst hafi sátt við heimamenn um eðlilega stækkun friðlandsins í Þjórsárverum. Þvert ofan í álit ofangreindrar nefndar umhverfisráðherra er í tillögunni lögð til stækkun friðlandsins til suðurs, sem flestir aðilar starfshópsins töldu ekki þörf á og engin fagleg rök mæla með eins og kemur fram hér að framan. Starfshópurinn um náttúruverndaráætlun tekur hins vegar upp í sínum tillögum önnur mörk á stækkun friðlandsins, þ.e. að vestan, norðan og austan, en bætir svo við svæði sunnan veranna, rétt suður fyrir fyrirhugað veitulón í Þjórsárfarvegi. Það er gert á grundvelli rústamýravistgerðar sem afar lítið er um á svæðinu. Fagleg rök eru engin og þessi furðulega tillaga er andstæð ákvæðum 66. gr. náttúruverndarlaga nr.44/1999.

Staðreyndin er sú að sátt hefur náðst um mörk friðlandsins með tillögum til umhverfisráðherra í mars 2007. Sveitastjórnir hafa lagt áherslu á að staðið verði að stækkun friðlandsins á faglegum grundvelli úr því stjórnvöld telja þetta svæði svo mikilvægt að stækka þurfi friðlandið. Það er því áleitinn spurning hvers vegna ekki var farið að tillögum starfshóps umhverfisráðherra frá því í mars 2007. Tillaga Landsvirkjunar er sú að fallist verði á tillögur um mörk á stækkun friðlands í Þjórsárverum, í samræmi við það sem samstarfshópur umhverfisráðuneytis og viðkomandi sveitarfélaga lagði til með áliti sínu í mars 2007.

Orravatnsrústir

Í viðauka með tillögunni er að finna afar fátæklega röksemd fyrir friðlýsingu Orravatnsrústa, sem hafa um langt árabíl verið á náttúruminjaskrá en sérstaða þessa svæði er hversu hátt yfir sjávarmáli landið er á þessum slóðum.

Í viðauka með tillögu um náttúruverndaráætlun segir:

“Hér er að finna sérstæðasta freðmýrasvæði landsins. Lagt er til vernda um 73 km² svæði umhverfis Orravatnsrústir. Þar með yrði meginþorri rústamýra á þessum slóðum innan marka friðlands. Austari-Pollar, austan Jökulsár eystri, yrðu þó undanskildir. Mörkin mundu ná frá Jökulsá í suðri, þar sem hún sveigir við Illviðrahnjúka, og norður fyrir Reyðarvatn. Í vestri mundu mörkin teygjast eftir vatnaskilum norður um Bleikáluháls og í austri sömuleiðis fylgja vatnaskilum rústamýrasvæðisins við Orravatn. Verndarákvæði væru hliðstæð þeim sem gilda munu um Þjórsárver og Guðlaugstungur.”

Hugmyndir hafa um áráraðir verið um að virkja Jökulsá Austari með gerð miðlunarlóns við Buga. Allar seinni tíma hugmyndir um þá miðlun hafa miðast við að hlífa Orravatnsrústum og svæðinu umhverfis sem er á náttúruminjaskrá. Miðað við núverandi tillögu að friðunarmörkum myndi eitt rústasvæði sunnan Orravatns fara undir lónið. Hönnun miðlunar við Buga er á frumhönnunarstigi og því ekki ljóst hver endanleg lónhæð gæti orðið. Landsvirkjun telur því á þessu stigi rétt að draga mörk friðlands nokkru sunnan og vestan við Orravatn og þaðan beint til suðurs í farveg Austari Jökulsár. Með því móti væri langstærsti hluti rústasvæðanna innan friðlandsins og möguleiki væri áfram fyrir miðlun í Bugum vegna Skatastaðavirkjunar. Þannig væru nánast engar rústir á því svæði sem félli utan friðlandsmarka. Eðlilegt væri að fjalla um þessi viðhorf við vinnu 2. áfanga rammaáætlunar.

Sjá meðfylgjandi yfirlitskort af svæðinu.

Friðun á Langasjó og nærliggjandi svæði

Tillaga um friðun á þessu landsvæði er gerð á grundvelli jarðfræðiverndunar. Í tillögunni segir:

“Lagt er til að Langisjór og nánasta umhverfi hans verði friðlýst og fellt inn í Vatnajökulsþjóðgarð. Langir móbergshryggir úr basalti, myndaðir við sprungugos undir jökli, einkenna svæðið. Eldgjársprungan liggur um svæðið austanvert, en hún er 60 km löng og er lengsta gígaröð sem gosið hefur á landinu á sögulegum tíma. Langisjór og umhverfi hans er þekkt fyrir náttúrufegurð þar sem dökkbrúnt móbergið ásamt svörtum vikrinum frá Veidivatnagosinu 1477 kallast á við tært fjallavatnið og mosagróður í fjallahlíðum. Á svæðinu er einstakt samspil jarðelds og jökla við mótun landsins.”

Í viðauka kemur fram að markmið með friðlýsingunni sé að friðlýsa svæði sem hefur að geyma einstakar jarðmyndanir og þá einkum móbergshryggi sem hafa búið til og mótað sérstætt landslag, tilkomumikil víðerni og sérstæðar vistgerðir. Svæðið teygir sig langt suðvestur fyrir Langasjó og er yfir 40 km á lengd.


Í minnisblaði sem Kristján Sæmundsson jarðfræðingur hefur unnið fyrir Landsvirkjun um verndargildi móbergshryggjanna við Langasjó á landsvísu segir m.a.



“Að gerð og myndun eru móbergshryggirnir suðvestan Vatnajökuls ekki einstakir. Hið sérstaka við þá er lengdin og landslagið sem þeir móta. Langir og beinir móbergshryggir koma fyrir á Reykjaneskaga (Móhálsar), norður af Kverkfjöllum og í Vestra gosbeltinu norðaustan við Þingvallavatn. Í viðauka við þingsályktunartillöguna

er sagt að einkennissvæði alþjóðlega heitisins tindar í merkingunni móbergshryggur séu hryggirnir á svæðinu sem friða skal. Það er ekki rétt. Þeir eru norðaustan við Þingvelli og í Laugarvatnsfjöllum þar sem eru Tindaskagi, Kálfstindar, Klukkutindar og Skriðutindar.---






Auk móbergshryggja inn af Þingvallasveit og í Laugarvatnsfjöllum eru þar einnig móbergsstapar sem gefa lítið eftir þeim hinum í Norðurgosbeltinu um ferskleika og útlit. Enn eitt sem gefur hryggjum og stöpum austan megin í Þingvallalægðinni gildi umfram Langasjó „og nágrenni“ eru löng misgengi og skörp í landslagi (gjárnar) en slíkt er ekki að finna milli Tungnár og Skaftár. Þetta hafa þeir séð sem unnu skýrslu um „Verndun jarðminja á Íslandi“. Tillögur vegna náttúruverndaráætlunar 2002“ (Helgi Torfason og Ingvar Atli Sigurðsson, 2002). Þar komst Langisjór og hryggirnir umhverfis hann ekki á blað nema smáskiki norðvestast í ferhyrningi kringum Skaftáreldahraun sem þar er lagt til að friða. Hins vegar er þar lagt til að svæði austan Þingvallalægðar með móbergshryggjum, stöpum og dyngjum verði friðað. Vegna jarðfræðinnar sýnist að eðlilegast sé að fylgja þeirri tillögu.”

Í ljósi þessa er að mati Landsvirkjunar engin forsenda fyrir friðlýsingu á grundvelli þess að hér sé um að ræða einstæða jarðmyndun. Í viðauka með tillögunni kemur fram helsta ógn við það náttúrufar svæðisins sem verið er að friða séu virkjunaráform. Að mati Landsvirkjunar er myndun veitulóns innan við Langasjó og gerð jarðganga yfir í Tungnaárdrög ekki á nokkurn hátt ógn við verndargildi svæðisins sem eru fyrst og fremst hinir löngu móbergshryggir. Hugmyndin um þessa tilhögun á veitulóni gæti einmitt verið skynsamleg málamiðlun við að friða Langasjó fyrir mannvirkjagerð og nýta afrennsli jökulsins í vestustu kvíslar Skaftár til orkuvinnslu.





Þjórsárver
Tillögur að stækkun friðlands
Innræð Spot 5 mynd í grunninn.

- Skýringar
-  Rústamýravist
 -  Tillaga nefndar URN mars_2007
 -  Vatnajökulsþjóðgarður
 -  Friðlýst svæði
 -  NVÁ tillag Umhverfisráðun. 2008

Vík í Mýrdal 29. nóvember 2009

Ólýðræðislegum vinnubrögðum mótmælt – ekkert samráð haft

Lundavinafélagið í Vík í Mýrdal sendi Umhverfisnefnd Alþingis athugasemdir í sumar, eins og hagsmunaaðilum var boðið upp á í tengslum við náttúruverndaráætlun 2009 – 2013.


Lundavinafélagið er ótvírætt hagsmunaaðili í því máli sem snýr að friðlýsingu Reynisfjalls. Félagið hefur á leigu veiðirétt fyrir lunda í fjallinu og tekur á sig um leið þá ábyrgð að annast veiðistjórnun. Þar hafa varúðarsjónarmið verið höfð að leiðarljósi og lundinn fengið að njóta vafans. Það eina sem Lundavinafélagið fer fram á er að félagsmenn njóti sama réttar við þessa málsmeðferð. Hér að neðan má sjá lýsingu á því samráðsferli sem Umhverfisstofnun lofar í greinargerð með þingsályktunartillögunni. Skemmst er frá því að segja að ekki hefur verið staðið þetta loforð. Nefndin hefur í engu svarað lundavinafélaginu. Er þeim vinnubrögðum hér með harðlega mótmælt.

Við framkvæmd náttúruverndaráætlunar 2004–2008 hefur Umhverfisstofnun lagt áherslu á að kynning og samráð fari fram eins snemma í ferlinu og hægt er og að þeir aðilar sem teljast hafa sérstakra hagsmuna að gæta verði skilgreindir eins fljótt og auðið er. Stofnunin hefur því í upphafi friðlýsingarferlis boðað til kynningarfunda með landeigendum, sveitarstjórnnum, umhverfisráðuneyti og öðrum hagsmunaaðilum til þess að kynna markmið og hugmyndir um friðlýsingu viðkomandi svæðis. Með þessu móti hefur stofnunin viljað stuðla að umræðu um tillögurnar og auka líkur á að sátt náist um friðlýsingu, en það er m.a. grunnurinn að því að friðlýsing nái þeim markmiðum sem að er stefnt. Á grunni athugasemda og viðræðna hefur stofnunin síðan mótað drög að friðlýsingu. Drög að friðlýsingu hafa síðan verið kynnt fyrir landeigendum, sveitarstjórnnum og öðrum hagsmunaaðilum og þeim gefinn kostur á að gera frekari athugasemdir. Náist samkomulag milli Umhverfisstofnunar og þessara aðila sendir stofnunin tillögu að friðlýsingu til umhverfisráðuneytisins til frekari ákvörðunar. Samþykki ráðuneytið tillöguna er gengið frá friðlýsingu að fengnu áliti Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Að lokum vill Lundavinafélagið áréttta tvö mikilvæg atriði í þessari umræðu. Bæði eru tekin upp úr fundargerð umhverfis- og náttúruverndarnefndar Mýrdalshrepps frá 26. nóvember 2009. Í fyrsta lagi er þar minnt á samþykkt sveitastjórnar um málið.

Á fundi sveitastjórnar þann 26. febrúar 2009 var eftirfarandi umsögn um tillöguna samþykkt. Sveitarstjórn leggst gegn friðlýsingu hvannstöðs undir Reynisfjalli þar sem ekki verður séð að hvönn eða brekkubobba sé nokkur hættu búin af manna völdum og skiptar skoðanir eru meðal íbúa um ágæti friðlýsinga sem þegar eru í gildi í Mýrdalshreppi.

Í annan stað kemur frá í fundargerð umhverfis- og náttúruverndarnefndar Mýrdalshrepps þær grunnforsendur sem voru settar fram í upphafi málsins.



Í svari Erlings Ólafssonar skordýrafræðings hjá Náttúrufræðistofnun Íslands þar sem hann var spurður um forsendur þess að hann leggi til að búsvæði brekkubobba í austurhlíðum Reynisfjalls verði friðlýst segir m.a:


„Ég gerði mér fulla grein fyrir því að svona gjörning yrði að vinna í samvinnu við heimamenn og ná niðurstöðu í fullri sátt við alla hlutaðeigandi. Ef það gengi ekki þá félli málið að sjálfsögðu dautt.“

„Ég lít svo á að ef heimafolk verður áfram ósátt við þennan gjörning sem var eingöngu vel meintur, með virðingu fyrir heimafólki og einstakri náttúrunni sem sveitarfélagið er svo lánsamt að eiga innan sinna vébanda, þá er einsýnt að friðunin verði blásinn út af borðinu. Um friðlýsta reiti á að ríkja friður og samkomulag sem skyldu vera hluti af innihaldi friðlýsinga. Friðlýsing má ekki verða minnisvarði um deilur.“

Umhverfis- og náttúruverndarnefnd Mýrdalshrepps telur að sú sátt meðal heimamanna sem vera á forsenda friðlýsingarinnar sé ekki fyrir hendi og hvetur sveitastjórn eindregið til að hafna alfarið öllum friðlýsingaráformum að svo komnu máli.

Lundavínafélagið tekur heilshugar undir þessa lýsingu Erlings og telur að með henni sé í raun sjálfhætt frekari tilraunum til friðlýsingar Reynisfjalls.

F.h. Lundavínafélagsins



Eggert Skúlason gsm 856 – 5100

Netfang: eggert@franca.is

Samrit sent til:

Sveitarstjórnar Mýrdalshrepps
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Þingmanna Suðurlands
Fjölmiðla

B.t. Umhverfisnefnd Alþingis

Erindi vegna Náttúruverndaráætlunar 2009 – 2013 v/áforma um að friðlýsa Reynisfjall

Lundavinafélagið í Vík hefur gert samkomulag við sveitarstjórn Mýrdalshrepps um stjórnun og skipulag á lundaveiði í Reynisfjalli að austanverðu. Lundaveiði í Reynisfjalli hefur verið stunduð um langa hríð og verið hluti af hlunnindum og lífsháttum þeirra sem búið hafa í sveitarfélaginu. Flestir þeir sem nú stunda veiðina hafa lært handbrögðin og hófstíllta umgengni af feðrum sínum eða öfum sem lærðu af sínum forfeðrum. Allir hafa þeir lagt leið sína um fjallið og kappkostað að ganga vel um.

Lundavinafélagið hefur fylgst grannt með framgangi og þróun lundastofnsins. Veiðistjórnun félagsins byggir á þeirri meginreglu að lundinn njóti vafans. Þannig hefur félagið stýtt veiðitíma þegar ástand stofnsins hefur versnað. Hefur Lundavinafélagið fylgt fordæmi Eyjamanna hin síðari ár. Fylgiskjöl með þessu erindi eru veiðikort 2007 og 2008 þar sem sjá má að þetta er tekið fram við félagsmenn. Að sama skapi sést greinilega að veiðidöum á hvern félagsmann er fækkað úr fimm í þrjá í fyrra. Að sama skapi og félagið lætur lundann njóta vafans, teljum við þennan forna rétt félagsmanna til nytja í fjallinu afar mikils virði og óskum þess að horft verði til þessa réttar við meðferð málsins.

Á undanförunum öldum hefur sambýli brekkubobba og manns verið skaðlaust fyrir báða aðila. Hvönnin dafnar sem aldrei fyrr og hefur þéttleiki hennar og útbreiðsla aukist. Raunar er svo komið að hvönnin er sífellt að vinna ný lönd og er það á kostnað lágróðurs sem virðist ekki þrífast nema í litlu mæli eftir að hvönninn dreifði sér svo mikið sem nú er orðið.

Með friðlýsingu Reynisfjalls eins og nú er áformað er ljóst að lundaveiði leggst af eins og hún er nú stunduð. Lundavinafélagið leggst algerlega gegn þessari friðlýsingu og mótmælir þessum áformum af fullum þunga.

Við tökum undir með sveitarstjórn sem hafnað hefur þessum hugmyndum áður og ítrekað. Við tökum einnig undir með öðrum þeim aðilum sem hafnað hafa þessum áformum áður. Við undrumst jafnframt að þessi hugmynd skuli sífellt endurvakin og eiga greiða leið inn í stjórnýsluna.

Endursent fyrir erindi


Í ljósi þess hve viðamikil aðgerð er fyrirhuguð í drögum þeim sem kynnt hafa verið í tengslum við Náttúruverndaráætlun 2009 – 2013 telur Lundavinafélagið framkomnar hugmyndir óraunhæfar og hreint út sagt vega að hagsmunum byggðarlagsins sem nú þegar á undir högg að sækja af svo margvíslegum ástæðum.

Brekkubobbin var í Reynisfjalli áður en Ísland var numið af mönnum. Það er ljóst að hann mun verða í fjallinu eftir að byggð leggst af í Vík og á Íslandi. Væri ekki í lagi að gera ráð fyrir manninum í Náttúruverndaráætlun 2009 – 2013 í stað þess að einblína á dýrategundir og plöntur?

Lundavinafélagið harmar að þessi hugmynd skuli enn vera til umfjöllunar og lítur á hana sem aðför að hagsmunum lítils sveitarfélags sem hefur þurft að taka á sig ýmislegt hin síðari ár.

Friðun Reynisfjalls vegna brekkubobba og hvannar er illa ígrunduð og órökstudd hugmynd.

Við hvetjum nefnarmenn til að sína sanngirni og ábyrgð í þessu máli.



f.h. Lundavinafélagsins Eggert Skúlason

Eggert Skúlason - Endursend

Lundakort 2008

			Yfirlit	
1	Karl Runólfsson	10.júl	18.júl	26.júl
2	Sigurður Birgir Baldvinsson			
3	Bjarni Jón Finnsson			
4	Matthías Jón Björnsson	11.júl	19.júl	28.júl
5	Eggert Skúlason			
6	Símon Gunnarsson			
7	Einar Klemensson	12.júl	21.júl	29.júl
8	Magnús Kristjánsson			
9	Björn Friðriksson			
10	Hafsteinn Jóhannesson	14.júl	22.júl	30.júl
11	Magnús Ingólfsson			
12	Sigurður Hjálmarsson			
13	Guðrún Sigurðardóttir	15.júl	23.júl	31.júl
14	Karl Ragnarsson			
15	Málfriður Eggertsdóttir			
16	Sigurður Ævar Harðarson	16.júl	24.júl	1.ágú
17	Guðjón Þ. Guðmundsson			
18	Magnús Orri Sæmundsson			
19	Arnl Sigurjónsson	17.júl	25.júl	2.ágú
20	Auðbert Vigfússon			
21	Karl Eyjólfur Karlsson			

Vegna ástands veiðistofnsins hefur verið ákveðið að fylgja Vestmannaeyjum að mestu með veiðitímabil..

Árgjald 2008 Kr. 1000.-

Greiðist á tr. Sigurðar Hjálmarssonar 0317 - 26 - 699 kt. 160252-4729

Eggert Skúlason - Endursend

Lundakort 2007

Sigurður Hjálmarsson

1	Karl Runólfsson	9.júl	17.júl	25.júl	2.ágú	10.ágú
2	Sigurður Birgir Baldvinsson					
3	Bjarni Jón Finnsson					
4	Matthías Jón Björnsson	10.júl	18.júl	26.júl	3.ágú	11.ágú
5	Eggert Skúlason					
6	Símon Gunnarsson					
7	Einar Klemensson	11.júl	19.júl	27.júl	4.ágú	13.ágú
8	Magnús Kristjánsson					
9	Björn Friðriksson					
10	Hafsteinn Jóhannesson	12.júl	20.júl	28.júl	6.ágú	14.ágú
11	Magnús Ingólfsson					
12	Sigurður Hjálmarsson					
13	Guðrún Sigurðardóttir	13.júl	21.júl	30.júl	7.ágú	15.ágú
14	Karl Ragnarsson					
15	Málfriður Eggertsdóttir					
16	Sigurður Ævar Harðarson	14.júl	23.júl	31.júl	8.ágú	16.ágú
17	Guðjón Þ. Guðmundsson					
18	Magnús Orri Sæmundsson					
19	Arni Sigurjónsson	16.júl	24.júl	1.ágú	9.ágú	17.ágú
20	Auðbert Vigfússon					
21	Karl Eyjólfur Karlsson					

Vegna ástands veiðistofnsins hefur verið ákveðið að stytta veiðitímann árið 2007 í 6 vikur.

Árgjald 2007 Kr. 1000.- Greiðist á tr. Sigurðar Hjálmarssonar 0317 - 26 - 699 kt. 160252-4729

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/653
komudagur 10. 12. 2009



MOSFELLSBÆR

Alþingi
B.t. Kristjana Benediktsdóttir skjalavörður
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Mosfellsbæ, 10. desember 2009
nr. erindis 200911335 sój


Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um náttúruverndaráætlun 2009-2013.

Á 961. fundi bæjarráðs Mosfellsbæjar þann 9. desember 2009 var tekið fyrir erindi nefndarsviðs Alþingis varðandi umsögn um náttúruverndaráætlun 2009-2012.

Bæjarráð samþykkti að láta fyrri umsögn Mosfellsbæjar um málið gilda.

Þessi afgreiðsla bæjarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt
f.h. bæjarráðs Mosfellsbæjar,


Stefán Ómar Jónsson
framkvæmdastjóri stjórnarsýslusviðs



Mýrdalshreppur

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/392
komudagur 1.12.2009

Umhverfisnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

453-III-3 ums um tillögu að náttúruverndaráætlun.docx

Vík, 1. desember 2009

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps fjallaði um tillöguna á fundum 19. og 26. nóvember og í dag 1. desember. Haldinn var íbúafundur um málið 30. nóvember.

Eftirfarandi var fært til bókar á fundi sveitarstjórnar í dag:

Frá fyrra fundi - Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013.

Samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar 26. nóvember sl. var boðað til íbúafundar 30. nóvember um Náttúruverndaráætlun 2009-2013. Á fundinum kynntu fulltrúar frá Umhverfissráðuneyti, Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun hugmyndir um að friðlýsa búsvæði brekkubobba í austurhlíðum Reynisfjalls. Á fundinn mættu á bilinu 80-100 manns.

Á fundinum var eftirfarandi ályktun samþykkt með öllum þorra atkvæða „Fundur íbúa í Mýrdalshreppi, haldinn í Leikskálum þann 30. nóvember 2009. Hafnar alfarið friðlýsingu á hvannastóði undir Reynisfjalli, búsvæði brekkubobba tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013, á 138. lögjafarþingi. Þar sem ekki verður séð að hvönn eða brekkubobba sé nokkur hættu búin af manna völdum.“

Í lið 1 á fundi umhverfis- og náttúruverndarnefndar Mýrdalshrepps þann 26. nóvember sl. var eftirfarandi tillaga samþykkt með 3 atkvæðum:

„Umhverfis- og náttúruverndarnefnd Mýrdalshrepps telur að sú sátt meðal heimamanna sem vera á forsenda friðlýsingarinnar sé ekki fyrir hendi og hvetur sveitarstjórn eindregið til að hafna öllum friðlýsingaráformum að svo komnu máli.“

Tillaga umhverfis- og náttúruverndarnefndar samþykkt með 2 atkvæðum (EE, KP). Þrír sitja hjá (SP, ÞJ, SH).

D-listinn leggur fram bókun:

Fulltrúar D-lista telja ekki rétt að hafna alfarið samvinnu við ríkið um náttúruvernd og að eðlilegt væri að koma tilmóts við sjónarmið sem fram koma í þingsályktunartillögunni eftir því sem hægt er án þess að það raski hefðbundnum nytjum eða umgengni íbúa á svæðinu og hefti í engu framgang fyrirhugaðra vega- og gangnaframkvæmda um Reynisfjall. Benda má á að slík afmörkun búsvæðis jurta og lífvera sem talin er ástæða til að vernda gæti auðveldað framgang umhverfismats þegar til framkvæmda kemur. Fulltrúar D-lista vilja þó ekki ganga gegn samþykkt íbúafundar 30. nóvember sl. og sitja hjá við afgreiðslu tillagna um að hafna alfarið samvinnu við ríkið um friðlýsingu.


B-listinn leggur fram bókun:

Fulltrúar B- listans benda á að sveitarstjórn Mýrdalshrepps hefur tvívegis á þessu ári veitt umsögn um Náttúruverndaráætlun 2009-2013 hvað varðar friðun hvannstöðs og brekkubobba í hlíðum Reynisfjalls. Í bæði skiptin hefur sveitarstjórn samþykkt samhljóða bókun þess efnis að hún hafni afdráttarlaust friðun með þeim rökum að engar hættur af manna völdum stafi að hvönn né brekkubobba, jafnframt að mjög skiptar skoðanir séu á meðal íbúa um ágæti friðlýsinga sem þegar gildi í Mýrdalshreppi. Við þessa samþykkt standa fulltrúar B-listans heilshugar.

Samkvæmt ofangreindu hafnar sveitarstjórn öllum friðlýsingaráformum að svo komnu máli.

Meðfylgjandi eru fundargerð umhverfis- og náttúruverndarnefndar Mýrdalshrepps frá 26. nóvember og tillaga að ályktun ásamt greinargerð er samþykkt var á íbúafundi 30. nóvember.

Virðingarfyllt

Sveitarstjóri Mýrdalshrepps


Sveinn Pálsson
sveitarstjóri

FUNDARGERÐ

11. fundar umhverfis- og náttúruverndarnefndar Mýrdalshrepps.

Fundarstaður: Skrifstofa Mýrdalshrepps.

Fundartími: Fimmtudagur 26. nóvember 2009 kl. 18:30.

Mættir: Undirritaðir aðal- og varamenn umhverfis- og náttúruverndarnefndar.

Ritari fundarins: Áslaug Einarsdóttir.

Formaður, Sigrún Guðmundsdóttir setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

Nefndarmenn samþykktu að breyta dagskrá fundarins og taka lið tvö fyrir á undan lið 1

1. Tillaga til þingsályktunar að náttúruverndaráætlun 2009-2013.

Á fundinn er mættur Sigurður Á. Þráinsson deildarstjóri í umhverfisráðuneytinu

Sigurður Á. Þráinsson gestur fundarins rakti fyrir okkur verklag vegna tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009 -2013

Þráinn Sigurðsson lagði fram eftirfarandi tillögu að bókun

Umhverfis- og náttúruverndarnefnd Mýrdalshrepps leggst alfarið gegn því að þingsályktunartillaga um náttúruverndaráætlun 2009 -2013 verði afgreidd án frekari umræðu og kynningar á þeim áhrifum sem fyrirhuguð friðlýsing kann að hafa á samfélagið.

Hlutverk náttúruverndarnefnda er að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um náttúruverndarmál, að stuðla að náttúruvernd, hver á sínu svæði, m.a. með fræðslu og umfjöllun um framkvæmdir sem líklegar eru til að hafa áhrif á náttúruna og að gera tillögur um úrbætur til sveitarstjórna og Umhverfisstofnunar. Stofnun náttúruverndarnefnda byggir á nálægðarsjónarmiði, það er að taka eigi ákvarðanir eins nálægt vandanum og hægt er þar sem þeir sem búa á svæðinu vita best hvar úr má bæta og hvar mestar líkur eru á að ná fram jákvæðum breytingum.

Gert er ráð fyrir að náttúruverndarnefndirnar séu tengiliðir Umhverfisstofnunar við sveitarfélögin og íbúa þess hvað varðar náttúruvernd. Því er kveðið á um í 65. gr. laganna að Umhverfisstofnun beri að hafa samráð við náttúruverndarnefndir við gerð tillögu að náttúruverndaráætlun. Einnig ber Umhverfisstofnun skv. 67. gr. laganna að hafa samráð við náttúruverndarnefndir vegna undirbúnings og öflun gagna vegna viðbóta við náttúruminjaskrá og heildarútgáfu hennar.

Umhverfis- og náttúruverndarnefnd Mýrdalshrepps var ekki höfð með í ráðum þegar tillaga að náttúruverndaráætlun 2009 – 2013 var unnin og sá frestur sem nefndinni er veittur til umsagnar þ.e. til 30. nóvember n.k. er í engu samræmi við umfang málsins.

Þingsályktunartillaga um náttúruverndaráætlun 2009 – 2013 var lögð fyrir alþingi á 137. löggjafarþingi 2009. Á fundi sveitastjórnar þann 26. febrúar 2009 var eftirfarandi umsögn um tillöguna samþykkt.

Sveitarstjórn leggst gegn friðlýsingu hvannstóðs undir Reynisfjalli þar sem ekki verður séð að hvönn eða brekkubobba sé nokkur hættu búin af manna völdum og skiptar skoðanir eru meðal íbúa um ágæti friðlýsinga sem þegar eru í gildi í Mýrdalshreppi.

Fundur íbúa í Mýrdalshreppi, haldinn í Leikskálum þann 30. nóvember 2009. Hafnar alfarið friðlýsingu á hvannastóði undir Reynisfjalli, búsvæði brekkubobba tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013, á 138. löggjafarþingi. Þar sem ekki verður séð að hvönn eða brekkubobba sé nokkur hættu búin af manna völdum.

Tillagan er rökstudd með eftirfarandi:

1. Í náttúruverndaráætlunni kemur fram að ógnir séu engar.
2. Ekki er fyrirbyggjandi nein rannsókn á búsvæði brekkubobba sem liggur til grundvallar á tillögunni.
3. Að umhverfis og náttúruverndarnefnd Mýrdalshrepps hefur ekki verið til ráðgjafar eins og kveðið er á í 65 gr. laga um náttúruvernd nr. 44 frá 1999, að umhverfisstofnun beri að hafa samráð við náttúruverndarnefndir við gerð tillögu að náttúruverndaráætlun.
4. Sveitafélagið fer með skipulagsvald samkvæmt lögum, bæði hvað varðar svæðis- og aðalskipulag. Ekki hefur farið nein kynning fram að hálfu sveitastjórnar í vinnu við tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps og er þetta svæði ekki inn á fyrirbyggjandi tillögu er hefur verið send til umsagnar skipulagsstofnunar er verður auglýst í desember.
5. Í staðardagskrá 21 er var samþykkt í sveitastjórn Mýrdalshrepp þann 22. október síðastliðinn. Undir liðnum ásýnd og umgengni, er tekið fram að gert verði átak í að hefta útbreiðslu kerfils, hvanna og njóla.
6. Takmarkaðir fjármunir eru hjá Umhverfisstofnun til ráðstöfunar til náttúruverndar og dreifast þeir á enn fleiri staði en áður með þessari náttúruverndartillögu. Friðlýsing Dyrhólaeyjar hefur fært okkur þá reynslu að íbúar í Mýrdalshreppi geta ekki hugsað sér meiri friðlýsingu í sveitafélaginu. Eyjan er lokuð í byrjun ferðamannatímans sem veldur ferðaþjónustunni stórskaða, svæðið er víða í niðurníðslu til margra ára og engin uppbygging hefur átt sér stað þrátt fyrir samþykkt deiliskipulag frá 30. október 2005.
7. Ekki er að finna í bókunum sveitastjórnar Mýrdalshrepps neinn fund, né samþykktir um tillöguna, þó að þess sé getið í inngangi að náttúruverndaráætlunni að viðræður hafi átt sér stað við einhverja fulltrúa sveitastjórnar. Er það mjög óeðlilegt þar sem sveitastjórn hefur tvisvar áður mótmælt friðun svæðisins.

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/257
komudagur 24.11.2009

Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. nóvember 2009
2009110012/42-1-3
TB
jgo/tb

Náttúruverndaráætlun 2009-2013

Vísað er til tölvupósts frá umhverfisnefnd Alþingis, dags. 19. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um þingsályktunartillögu um náttúruverndaráætlun 2009-2013, 200. mál. Tillagan var áður send til umsagnar á 136. og 137. löggjafarþingi.


Náttúrufræðisstofnun styður eindregið framlagða þingsályktunartillögu og þær breytingar sem hafa orðið á henni frá 137. þingi. Tillagan er að mestu samhljóða fyrri tillögu frá 136. og 137. þingi og vísar Náttúrufræðistofnun því í fyrri umsagnir sínar til umhverfisnefndar Alþingis.

Náttúrufræðistofnun Íslands er reiðubúin til að mæta á fund umhverfisnefndar Alþingis vegna náttúruverndaráætlunar 2009-2013 sé þess óskað. Á eftirfarandi vefslóð http://www.ni.is/media/midlunogthjonusta/utgafa/skyrslur_2008/NI-08008.pdf má finna skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands **Verndun svæða, vistgerða og tegunda. Tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna náttúruverndaráætlunar 2009-2013.**

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson



30. nóv. 2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn og athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009- 2013, 200. mál.

Stjórn Náttúruverndarsamtaka Suðurlands (NSS) hefur kynnt sér tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009- 2013.

Starfssvæði samtakanna er Árnes- Rangárvalla- og V- Skaftafellssýsla og miðast umsögn NSS við það landssvæði. Stjórn NSS fagnar framkominni tillögu, svo langt sem hún nær, en vill gera eftirfarandi athugasemdir:

Kafli II Dýrasvæði.

c liður. Hvannstöð undir Reynisfjalli. Búsvæði brekkubobba.

NSS vekur athygli á að áform um vegaframkvæmdir og jarðgöng gegn um Reynisfjall geta hugsanlega verið ógn við dýralífið í hvannstöðinu þar sem viðbúið er að um mikið rask verði að ræða á jarðvegi og gróðri í fjallshlíðinni ef til framkvæmda kemur.

Kafli III Vistgerðir á hálendinu

a liður. Rústamýravist

NSS fagnar tillögu um stækkun friðlands í Þjórsárverum og leggur mikla áherslu á að tillagan verði sem fyrst að veruleika og þannig aflétt þeirri ógn sem svæðinu stafar af virkjanaáformum.

b liður. Breiskjuhraunavist

Svæði í Skaftártungu og á Síðuafrétti (sem verða hluti af Vatnajökulsþjóðgarði)

NSS leggur áherslu á að mun stærra svæði á Síðuafrétti en tillagan kveður á um verði sem fyrst hluti af Vatnajökulsþjóðgarði, þ.e. allur efri hluti Skaftáreldahraunsins milli Hverfisfljóts og Skaftár. Um er að ræða merkar heimsminjar og mikilvægt er að vernda þetta svæði sem heild vegna þeirrar hættu sem því getur stafað af ágangi, jarðraski og virkjanaframkvæmdum.

Kafli IV Jarðfræðisvæði


a liður. Langisjór og nágrenni (verður hluti af Vatnajökulsþjóðgarði)

NSS leggur áherslu á að vesturmörk svæðisins nái að a.m.k. að Tungnaá þannig að öll Tungnaárfjöllin verði innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Ennfremur er bent á Snjóöldufjaligarð og Veiðivötn vestan Tungnaár. Allt þetta svæði myndar jarðfræðilega heild og er merkilegt og einstætt á lands- og heimsvísu.

NSS vekur einnig athygli á að syðri hluti Eldgjár er utan svæðisins sem lagt er til að verði friðað. Það svæði er ekki síður merkileg jarðmyndun en norðurhlutinn og ætti einnig að verða hluti af Vatnajökulsþjóðgarði. Friðland að fjallabaki ásamt Mælifellssandi og nærliggjandi svæði ætti einnig að líta á sem hluta af landslagsheild á þessu svæði.

Öllum fyrrnefndum svæðum stendur mikil ógn af virkjanaáformum.

Virðingarfyllt,


f.h. stjórnar Náttúruverndarsamtaka Suðurlands
Ólafía Jakobsdóttir formaður.



Skrifstofa Alþingis
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P /38/308
komudagur 26.11.2009

Reykjanesbæ,
26. nóvember 2009
Tilvísun: 2009110234

Efni: Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013. Þskj. 224 - 200. mál

Á fundi bæjarráðs Reykjanesbæjar 26. nóvember 2009 var til afgreiðslu erindi Umhverfisstofndar Alþingis dags. 19. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013, þskj. 224 - 200. mál.

Bæjarráð vísar til fyrri umsagnar um málið sem dagsett var 12. júní 2009.

Ofangreint tilkynnist hér með

f.h. Reykjanesbæjar

Elisabet Magnúsdóttir
Elisabet Magnúsdóttir
Ritari bæjarstjóra

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/342
komudagur 30.11.2009

27.11.2009

Umhverfisnefnd Alþingis

Varðar þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2009-2013. 200.mál.

Af hálfu Reykjavíkurborgar var á 137. löggjafarþingi send umsögn um tillöguna. Ekki þykir ástæða til að breyta henni og gildir hún því áfram við meðferð tillögunnar sem nú liggur fyrir þinginu. Meðfylgjandi í viðhengi er umrædd umsögn Reykjavíkurborgar, dags. 15. júní 2009, sem send var meðfylgjandi bréfi Reykjavíkurborgar dags. 18. júní sl. til umhverfisnefndar Alþingis.

F.h. borgarlögmans,
Ásthildur Sigurðardóttir, skrifstofustjóri Borgarlögmans.



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og samgöngusvið

R09060037

Reykjavíkurborg
Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
101 Reykjavík.

Málsnr: R09060037
Skjalasafn Ráðhúss
16 JUNI 2009
Bréfalykill: 175

15. júní 2009.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúrverndaráætlun 2009-2013, 52. mál.

Vísað er til orðsendingar borgarlögmans dags. 9. júní s.l. þar sem þess er óskað að Umhverfis- og samgöngusvið geri umsögn fyrir borgarráð um ofangreint mál.

Þingsályktunin gerir ráð fyrir að á næstu fimm árum skuli unnið að friðlýsingu 13 svæða á landinu til að stuðla að traustri verndun íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd. Ekkert þessara svæða fellur innan borgarmarka Reykjavíkur.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er gerð grein fyrir framkvæmd náttúrverndaráætlunar þeirra, sem nú er í gildi og eru svæðið Álftanes – Skerjafjörður, fjara og grunnsævi, eitt þeirra svæða, sem stefnt var að friðlýsingu á. Í greinargerðinni kemur fram, að hugsanlegt sé, að af þeirri friðlýsingu geti orðið á árinu 2009. Í fyrri umsögnum borgarinnar um þá áætlun og endurskoðun hennar 2004-2008 var ekki gerð athugasemd við að umrætt svæði væri inni í áætluninni, en lögð áhersla á, að þar sem friðun felur í sér skorður við landnotkun á svæðinu, myndi borgin taka afstöðu til einstakra friðunartillagna þegar þær lægju fyrir. Þá lagði borgin ríka áherslu á samráð í umsögnum sínum (Borgarlögmaður og Umhverfis- og heilbrigðisstofa). Um Skerjafjörðinn var síðan fjallað á sérstakri ráðstefnu um hann í janúar 2007.

Umhverfisstofnun sendi borginni erindi 7. ágúst s.l., þar sem spurt var um vilja hennar til samstarfs um friðlýsingu Skerjafjarðar og vilja til að ljúka málinu. Í september samþykkti Umhverfis- og samgönguráð tillögu Umhverfis- og samgöngusviðs um að ganga til samstarfs við Umhverfisstofnun um málið. Þann 27. október s.l. var síðan samráðsfundur með þeim 5 sveitarfélögum sem málið heyrir til. Þar komu fram efasemdir um friðunina hjá 3 sveitarfélögum (Reykjavík, Kópavogur, Seltjarnarnes).

Reykjavíkurborg hefur lýst vilja til samstarfs um friðun Skerjafjarðar. Hins vegar bendir borgin á, og ítrekar það, að borgaryfirvöld munu taka afstöðu til fyrirbyggjandi tillagna, þegar þær koma fram. Reykjavíkurborg bendir á, að Skerjafjörður hefur oft verið nefndur sem framtíðarflugvallastæði fyrir innanlandsflug í Reykjavík og hefur það mál ekki verið útkljáð enn. Óheppilegt væri að útkljá framtíð flugvallarins með ákvörðun um friðlýsingu fjarðarins. Þá bendir Reykjavíkurborg á, að endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkur fer nú fram og þar hefur ekki verið tekin afstaða til friðlýsingarinnar, en samkvæmt núgildandi skipulagi nýtur strönd Skerjafjarðar hverfisvernd.

Með tilliti til þess, að friðlýsing Skerjafjarðar gæti haft mikil áhrif til góðs á fuglalíf á svæðinu, væri æskilegt að Umhverfisstofnun gerði grein fyrir tillögu að friðlýsingu fjarðarins



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og samgöngusvið

að hluta og eftir atvikum í áföngum, þar sem ljóst er að sum sveitarfélög við hann gætu fallist á friðlýsingu í sínum lögsagnarumdæmum. Reykjavíkurborg myndi taka þannig tillögu til jákvæðrar athugunar.

Virðingarfyllst,

Örn Sigurðsson

Örn Sigurðsson, skrifstofustjóri.

30.11.2009

Alþingi
Erindi nr. P 138/363
komudagur 1.12.2009

Náttúruverndaráætlun - 200. mál

Til umhverfisnefndar Alþingis:

Samband Íslenskra sveitarfélaga vísar til fyrri umsagna um ofangreint mál., sbr. einkum umsögn dags. 18. júní sl. Sambandinu eru kunnugt um að umsagnar er að vænta frá sveitarstjórn Mýrdalshrepps auk þess sem íbúafundur verður haldinn í því sveitarfélagi í kvöld um málið. Ítrekuð eru sjónarmið sem lýst er í fyrri athugasemdum um nauðsyn þess að tekið verði tillit til sjónarmiða sveitarstjórna og íbúa þegar afstaða er tekin til einstakra tillagna um friðlýsingu.

F.h. sambandsins,
Guðjón Bragason sviðsstjóri lögfræðisviðs



SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

Alþingi
Erindi nr. P 138/326
komudagur 27.11.2009

Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfisnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

26. nóvember 2009

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013, 200. mál

Um er að ræða endurflutt mál frá fyrra þingi, en Samorka sendi þá meðfylgjandi umsögn, dags. 18. júní 2009, þar sem ennfremur var vísað til umsagnar Samorku um sama mál frá þinginu þar á undan, dags. 12. janúar 2009. Samorka vísar áfram til umræddra umsagna, sem eru meðfylgjandi þessu erindi, og kýs að láta þær gilda áfram.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
aðstoðarframkvæmdastjóri



SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfisnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

18. júní 2009

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013, 52. mál

Tillagan er endurflutt frá síðasta þingi, orðrétt skv. upplýsingum Samorku (þetta kemur þó hvorugt fram í athugasemdum við þingskjalið). Samorka skilaði inn umsögn um sama mál þann 12. janúar sl. og hafa samtökin í engu breytt um skoðun á málinu. Fyrri umsögn er því hjálögð og vísast til hennar með afstöðu samtakanna og rök fyrir henni, en í umsögninni er mælt til að frestað verði afgreiðslu þingsályktunarinnar þar til lokið hafi verið við gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Samorka vill hins vegar minna á að í nefndaráliti fyrri umhverfisnefndar dagsettu 31. mars sl. leggur nefndin m.a. áherslu á mikilvægi þess að endanleg mörk ákveðinna friðunarsvæða verði ákveðin í samráði við heimamenn og hagsmunaaðila. Má þar nefna friðlandið í Þjórsárverum, en sérstök nefnd skipuð fulltrúum umhverfisráðherra, Umhverfisstofnunar og þriggja sveitarfélaga komst að niðurstöðu í því máli í mars 2007, niðurstöðu sem verulega er vikið frá í þingskjalinu, nú sem þegar það var lagt fram á síðasta þingi. Samorka ítrekar því fyrri áherslu á mikilvægi slíks samstarfs við heimamenn og hagsmunaaðila og samtökin treysta því að ný umhverfisnefnd víki ekki frá sameiginlegri niðurstöðu nefndarinnar frá í mars sl., hvað varðar samráð við heimamenn og hagsmunaaðila, í þessu tilviki né öðrum. Samtökin hefðu talið eðlilegt að þessi sameiginlega sýn fyrri umhverfisnefndar yrði a.m.k. hluti af athugasemdum með þingmálinu nú en væntir þess að við afgreiðslu málsins hljóti þessar fyrri niðurstöður a.m.k. sama sess og áður í meðförum nýrrar umhverfisnefndar.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
aðstoðarframkvæmdastjóri



SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfisnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

12. janúar 2009

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013, 192. mál

Samkvæmt tillögunni mun Alþingi álykta um að á næstu fimm árum skuli unnið að friðlýsingu 13 svæða til þess að stuðla að traustri verndun íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd hér á landi, eins og það er orðað í þingskjalinu.

Íslendingar hafa náð gríðarlegum árangri á sviði náttúruverndar, en eins og fram kemur í þingskjalinu hafa nú þegar um 20% af flatarmáli Íslands verið friðlýst. Hækka má þessa tölu í 30-40% ef allt er talið með, þ.á m. svæði á náttúruminjaskrá og vatnsverndarsvæði Mývatns. Á sama tíma er þessi tala um 10% í Svíþjóð og Finnlandi en stefnan í báðum löndum hefur verið tekin á 15%. Nýja-Sjáland, sem þykir hvað lengst hafa seilst í þessum efnum, hefur skilgreint um 22% af landsvæði sínu sem náttúruverndarsvæði.

Hér er hins vegar rétt að minna á það starf sem nú fer fram við gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, sem ljúka á fyrir árslok 2009, en þeirri vinnu er jafnframt ætlað að mynda grunn að áætlun um verndun og nýtingu náttúrusvæða. Á umhverfisþingi árið 2007 var í sambandi við náttúruverndaráætlun m.a. rætt um ýmis svæði sem til umfjöllunar eru í tengslum við rammaáætlun. Einhver dæmi eru um slíka skörun við það verkefni í því þingskjali sem hér er til umfjöllunar. Ekki er hins vegar æskilegt að á vegum stjórnvalda sé unnið að um margt tengdum verkefnum á tvennum forsendum samtímis.

Með tilliti til þessa er hér mælt til að frestað verði afgreiðslu þingsályktunarinnar, þar til gerð rammaáætlunar er lokið. Fram kemur í athugasemdum með tillögunni að ekki hafi unnist tími til að fara með efni hennar í almennt kynningar- og athugasemdaferli eins og kynnt hafi verið, m.a. á umhverfisþingi í október 2007. Nægur tími er hins vegar til stefnu fyrir slíkt ferli, þar sem kynning og umfjöllun á umhverfisþingi í október 2009 gæti m.a. komið við sögu.

Ennfremur telur Samorka rétt að vekja athygli á mikilvægi faglegra og vel ígrundaðra vinnubragða við gerð náttúruverndaráætlunar. Víða skortir á grunnrannsóknir eins og fram kemur í þingsályktunartillögunni sjálfri og því má jafnvel ætla að víða sé verið leggja til friðlýsingu til þess að síðar verði hægt að rannsaka umrædd svæði. Í þessu samhengi er gott samstarf við hagsmunaaðila ekki síst mikilvægt. Í tillögunni eru hins



SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

vegar dæmi um alvarlegan skort á slíku samstarfi. Þannig er að verulegu leyti vikið frá niðurstöðu sérstakrar nefndar frá því í mars 2007 um mörk friðlandsins í Þjórsárverum, en nefndina skipaði umhverfisráðherra á sínum tíma og í henni áttu sæti fulltrúar Umhverfisstofnunar og þriggja sveitarfélaga á svæðinu. Slík vinnubrögð hljóta að teljast óviðunandi og ekki til þess fallin að skapa sátt um neina niðurstöðu.

Þá ber að geta þess að víða liggja flutnings- eða dreifikerfi raforku um eða í útjaðri þeirra svæða sem lögð er til friðlýsing á. Leggja verður áherslu á mikilvægi þess að friðlýsingarskilmálar geri ráð fyrir að hægt verði að sinna viðhaldi, endurnýjun og styrkingu þessara kerfa. Enn fremur getur þurft að heimila að reist verði ný flutnings- og dreifikerfi á umræddum svæðum, ef þörf krefur til þess að hægt verði að tengja ný mannvirki við raforkukerfið.

Loks ber að gjalda almennan varhug við því að óþarflega geyst sé farið í verndun einstakra svæða eða plöntu- eða dýrategunda, slík lagasetning verður að vera framkvæmanleg í reynd. Hvernig eiga t.d. garðeigendur á Vesturlandi að umgangast reyniglæðu, sem skv. tillögunni ber að flokka þannig að hún þarfnist verndar? Skv. þingskjalinu er umrædda tegund að finna í gördum á Vesturlandi. Er jafnvel hægt að ætlast til að almennir garðeigendur þekki viðkomandi fléttutegund í sjón? Ef ekki, hver er þá tilgangurinn með þessari verndun?

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
aðstoðarframkvæmdastjóri

Samráðshópur íbúa og hagsmunaaðila Mýrdal
www.myrdalur.is

Alþingi
Erindi nr. P 138/361
komudagur 1.12.2009

Umhverfisnefnd Alþingis
bt. Nefndarsviðs
Austurstræti 8 -10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013,
þingskjal 224 (200. mál).

Samráðshópur íbúa og hagsmunaaðila í Mýrdal þakkar boð umhverfisnefndar Alþingis dags. 19. nóv. 2009 um að hópnum gæfist kostur á að senda inn til nefndarinnar athugasemdir.

Samstarfshópurinn styður eindregið þá tillögu, sem fram kemur í ofangreindri þingsályktunartillögu, að *Hvannstóð undir Reynisfjalli – Búsvæði brekkubobba* – verði friðlýst. Vísar hópurinn í því sambandi til fyrri bréfa sinna til umhverfisnefndar dags. 2. mars og 17. júní 2009.

Hópurinn ítrekar hinsvegar fyrri skoðun sína að áform um jarðrask á búsvæði brekkubobba í austurhlíð Reynisfjalls ógni búsvæði þeirra í hvannstóði fjallsins. Hugmyndir um veggöng gegnum fjallið skerða svæðið og að umferð um jarðgöngin muni í senn valda stóraukinni efna- og hljóðmengun á því búsvæði sem ætlunin er að friða og jafnframt raska ró alls þessa friðsæla svæðis sem tugþúsundir ferðamanna njóta ár hvert.


Hópurinn leggur því til að eftirfarandi breyting verði gerð á 8.mgr. c-liðar (undir fyrirsögninni *Hvannstóð undir Reynisfjalli. Búsvæði brekkubobba*) II. hluta Viðauka með þingsályktunartillögunni:

Ógnir: Möguleg vegagerð um Víkurfjöru og jarðgöng um Reynisfall með tilheyrandi jarðraski og hugsanlegri mengun vegna nálægðar við umferð.

Samráðshópurinn vill einnig benda á í þessu samhengi að áformað friðland tengist svæði á náttúru-minjaskrá sem liggur frá suðurhlíðum Reynisfjalls, um Dyrhólaós, votlendi hans og leirur, Reynisfjöru og vestur að friðlandinu á Dyrhólaey. Sakir náttúrulegs mikilvægis – og þar með efnahagslegs – þessa svæðis telur hópurinn gríðarlega mikilvægt að því verði hvergi raskað, heldur verði unnið með skipulegum hætti að aukinni verndun þess. Svæðinu stendur veruleg ógn af þeim hugmyndum sem fram koma í drögum sveitarstjórnar Mýrdalshrepps að aðalskipulagi 2009-2025 þar sem gert er ráð fyrir nýjum þjóðvegi eftir því endilöngu um fjörur, votlendi og gríðlönd auðugs fuglalíffs. Hópurinn fer þess á leit að umhverfisnefnd beini því til starfshóps um gerð náttúruverndaráætlunar að kanna möguleika á að bæta friðlýsingu umrædds svæðis inn á áætlunina áður en hún verður tekin til loka afgreiðslu.


Garðabæ, 29. nóvember 2009

F.h. samráðshóps íbúa og hagsmunaaðila í Mýrdal


Erla Bil Bjarnardóttir
bil@internet.is

Meðfylgjandi: Samsett mynd af Dyrhólaós tekin 21. nóv. sl. af ósnum uppi eins og sagt er þegar útfallið lokast og hann flæðir um votlendið.





Alþingi
Erindi nr. P 138/366
komudagur 1.12.2009

Reykjavík 30. nóvember 2009

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013

Samtök ferðaþjónustunnar eru í meginatriðum sammála þingsályktunartillögunni þar sem stór hluti íslenskrar ferðaþjónustu felur í sér umgengi og skoðun á náttúru landsins, dýralífi og plöntum. Mikilvægt er að aðgengi ferðamanna að þessum perlum Íslands verði með besta móti í þeim tilgangi að verja náttúruna og efla ferðaþjónustuna.

Samtökin fagna stækkun Vatnajökulþjóðgarðs en þó verður að hafa í huga að sú ferðaþjónustustarfsemi sem þar er eða gæti orðið fái svigrúm til athafna innan þjóðgarðsins.

SAF vilja þó koma á framfæri einni athugsamð við þingsályktunartillöguna og felst hún í því að í kjölfar aðalfundar SAF árið 2006 var umhverfisráðherra send ályktun þar sem skorað var á ráðherra að beita sér þegar í stað fyrir því að friðlandið að Fjallabaki verði stækkað og gert að einni skipulagsheild. Einnig var í sömu ályktun skorað á ráðherra að hefja undirbúning á því að stofnaður verði þjóðgarður á svæðinu sem er einstakt á heimsvísu. Í kjölfar aðalfundar SAF í apríl 2009 var ráðherra send ályktun þar sem svæðið að Fjallabaki var skilgreint nánar ásamt því að fyrri áskoranir til ráðherra um að veita ekki rannsóknaleyfi til virkjana á svæðinu voru ítrekaðar. Ekkert er í þingsályktunartillögunni fjallað um Fjallabak en það er eitt af mikilvægustu svæðum ferðaþjónustu Íslands og því er mikilvægt að þetta svæði sé hluti af þeirri náttúruverndaráætlun sem til umræðu er.

Mikilvægt er að samráð sé haft með SAF og ferðaþjónustuaðilum þegar ákvarðanir eru teknar um markmið friðlýsingar, afmörkun svæðis og friðlýsingaskilmála sem fela í sér takmarkanir á athöfnum manna.

Einnig telja Samtök ferðaþjónustunnar mikilvægt að eftirfylgni áætlunarinnar sé mikilvæg þar sem kynning á friðlýstum svæðum verði til að auka þekkingu og gefur viðkomandi svæði meira gildi.

Virðingarfyllst

Gunnar Valur Sveinsson
Verkefnastjóri

Hjálagt:
Ályktun aðalfundar SAF árið 2006 og árið 2009 um Fjallabak

Ályktun: Rannsóknarleyfi vegna virkjana að Fjallabaki

Fjallabakssvæðið frá Heklu í suðri, Hrauneyjum í norðri og að Lakagígum í austri er einstakt á heimsvísu og mjög mikilvægt fyrir ferðaþjónustuna. Í ljósi þess skorar aðalfundur Samtaka Ferðaþjónustunnar haldinn 6. apríl 2006 á iðnaðarráðherra að veita ekki rannsóknarleyfi til virkjunar jarðhita eða vatnsafls að Fjallabaki. Framkvæmdir sem fylgja rannsóknum geta skaðað hagsmuni ferðaþjónustunnar á svæðinu verulega. Einnig skorar fundurinn á iðnaðarráðherra að hafa fullt samráð við samtökin við gerð síðari hluta Rammaáætlunar. Jafnframt þarf að tryggja að farið verði eftir niðurstöðum áætlunarinnar varðandi framtíðar virkjanasvæði.

Ályktun: Frá Jökulheimum til Mýrdals-og Eyjafjallajökla.

Stofnun Vatnajökulspjóðgarðs hefur beint sjónum margra að öllu svæðinu frá Jökulheimum í norðri til Mýrdals-og Eyjafjallajökla í suðri og frá Vatnajökulspjóðgarði í austri til Köldukvíslar í vestri. Í daglegu tali er stærsti hluti svæðisins kallaður Fjallabak.

Þetta svæði er af flestum talið jarðfræðilega einstakt á heimsvísu. Samspil vegsummerkja elds og íss, hrauns og jökla auk einstakrar litadýrðar jafnt í jarðvegi og gróðri vekur einlæga aðdáun allra sem heimsækja svæðið og minnst þess æ síðan.

Aðalfundur Samtaka ferðapjónustunnar, haldinn 27 mars 2009, ítrekar fyrri áskorun til iðnaðarráðherra að veita ekki rannsóknarleyfi til virkjunar jarðhita eða vatnsafls að Fjallabaki.

Jafnframt bjóðast Samtök Ferðapjónustunnar til að koma að nauðsynlegri vinnu í samstarfi við stjórnvöld, heimamenn og alla hagsmunaaðila við að skipuleggja svæðið með það að markmiði að sjálfbær ferðapjónusta geti dafnað þar um ókomin ár.

Sveitarstjóri

From: Sveitarstjóri [sveitarstjori@klaustur.is]
Sent: 01. desember 2009 14:40
To: 'nefnasvið@althingi.is'
Subject: Umsögn Þingsál. náttúruv.áætl 200. mál

Alþingi
Erindi nr. Þ/38/388
komudagur 2.12.2009

Nefndasvið Alþingis,

Athugasemd Skaftárhrepps varðandi tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013; þingskjal 224 – 200. mál; 138. Löggjafarþing 2009-2010.

Þegar þingsályktunartillaga sama efnis var lögð fram á 136. löggjafarþingi 2008-2009 sendi Skaftárhreppur athugasemd til umhverfisnefndar Alþingis (3. mars 2009) þar sem m.a. stóð eftirfarandi:

„...Í tengslum við yfirstandandi endurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps hefur sveitarstjórn skipað sérstakan vinnuhóp til að gera tillögur um skipulag á á þessu svæði m.a. með tilliti til ágreiningsmála sem uppi eru um verndun/nýtingu þess og er vinnuhópnum ætlað að skila niðurstöðum um miðjan jún nk. Það eru eindregin tilmæli að meðferð málsins á Alþingi verði frestað þar til sveitarstjórn hefur náð að fjalla um skipulagstillögur vinnuhópsins og móta sér heildstæða sýn um verndun/nýtingu svæðisins. Sveitarstjórn tekur undir það sjónarmið sem er þungamiðjan í umsögnum bæði Sambands íslenskra sveitarfélaga og SASS sem vitnað er til í tölvuskeyti umhverfisnefndar, að við gerð náttúruverndaráætlunar verði haft náð samráð við viðkomandi sveitarfélög.“

Í umsögn umhverfisnefndar þá um þingsályktunartillöguna, þingskjal 864 -192. Mál (136. löggj.þing) stendur eftirfarandi:

„...Nefndin varð vör við gagnrýni á fyrirhugaða friðlýsingu svæða í Skaftártungum vegna vinnu við aðalskipulag og þess að aurburður veldur mörgum landeigendum vandræðum. Sveitarstjórn Skaftárhrepps hefur skipað sérstakan vinnuhóp til að gera tillögur um skipulag á þessum svæðum, m.a. með tilliti til ágreiningsmála sem uppi eru um verndun og nýtingu þeirra og er vinnuhópnum ætlað að skila niðurstöðum um miðjan júní. Óskað var því eftir að friðlýsingu yrði frestað þar til sveitarfélagið hefði mótað heildstæða stefnu um verndun og nýtingu svæðisins. Nefndin telur mikilvægt að Skaftáreldahraun og Langisjór verði hluti af Vatnajökulsþjóðgarði en að sú friðlýsing verði í sátt við heimamenn og tillit verði tekið til niðurstöðu vinnuhóps sveitarfélagsins við friðlýsinguna. Nefndin telur einnig þörf á að tryggja að friðlýsing verði með þeim hætti að hún komi ekki í veg fyrir aðgerðir sem dragi verulega úr aurburði Skaftár. Nefndin beinir því jafnframt til umhverfisráðuneytis að það aðstoði við að leita lausna á aurburði í samráði við vinnuhóp heimamanna og kanni hvaða leiðir eru færar til að draga úr skemmdum á ræktarlandi og ferskvatni. Nefndin leggur jafnframt áherslu á að samþykkt tillögunnar hafi ekki áhrif, hvorki til né frá, á hugsanlegar framkvæmdir tengdum svokölluðum Norðursjó...“

Staðan nú er þessi: Vinnuhópur sveitarstjórnar Skaftárhrepps um skipulagsmál umrædds svæðis hefur ekki lokið störfum. Hins vegar er hafið samstarf við umhverfisráðuneytið og stofnanir þess til að leita að raunhæfum og upplýstum niðurstöðum um skipulag á svæðinu og hugsanlegar aðgerðir til að varna landsspjöllum á vatnasvæði Skaftár. Viðræður um stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs er hlutui af þessu viðfangsefni. Einnig fer fram samráð við Háskólasetrið á Höfn sem annast gerð verndaráætlunar fyrir suður- og vestursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs. Loks er beðið eftir vísbindingum varðandi virkjanakosti í niðurstöðu endurskoðunar rammaáætlunar sem boðuð hefur verið um áramót.

Skaftárhreppur ítrekar þá afstöðu sína að ákvörðun um náttúruverndaráætlun fyrir umrætt svæði bíði niðurstaðna um endurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps og verði unnin í fullu samráði við heimamenn.

Kirkjubæjarklaustri 1. desember 2009,



Alþingi
Erindi nr. Þ 138/401
komudagur 3.12.2009



2009110057
9140

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 -10
101 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2009
/--

Efni: Tillaga að þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2009- 2013. Umsögn Skipulagsstofnunar.

Skipulagsstofnun barst erindi frá Umhverfisnefnd Alþingis með tölvupósti 19. nóvember 2009, þar sem stofnuninni er send ofangreind þingsályktunartillaga til umsagnar.

Skipulagsstofnun vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Í kafla um friðlýsingu vistgerða er lagt til að tvær vistgerðir á hálendi Íslands verði verndaðar, með með vísun í 53. gr. laga um náttúruvernd. Þjósárver sé annað þeirra svæða sem á að stækka til að auka friðun rústamýrarvistar og þá með vísun í 3. tölulið 53. gr. laganna. Skipulagsstofnun teldi æskilegt að stækkun friðlands Þjósárvera gangi jafnframt út á friðlýsingu skv. 1. tölulið 53. gr. Forsendur stækkunarinnar yrðu þá í samræmi við þær sem þegar hafa verið lagðar til grundvallar núverandi friðlandi. Skipulagsstofnun telur að ef fyrirhuguð stækkuð friðlandsins byggir bæði á 1. og 3. tölulið 53. gr. laga um náttúruvernd yrði friðun alls svæðisins heildstæðari og sterkari. Skipulagsstofnun bendir á að forsendur verndunar geta skipt máli við vinnu á mati á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Í kafla um jarðfræðisvæði, þar sem lagt er til að Langisjór og nánasta umhverfi hans verði friðlýst og fellt inn í Vatnajökulspjóðgarð, telur Skipulagsstofnun að mætti rökstyðja betur forsendur friðlýsingarinnar með vísun m.a. í 1. tölulið 53. gr. laga um náttúruvernd, þar sem m.a. er fjallað um friðlýsingu landsvæða sem mikilvægt er að varðveita sökum sérstaks landslags. Skipulagsstofnun telur að það hljóti að skipta máli að í tillöguna sjálfa komi fram þau rök að markmið verndunarinnar sé að stykja jarðfræðilega heild sem sé einstök á heimsvísu. Skipulagsstofnun áréttar það sem fram hefur komið hér að framan að forsendur verndunar geta skipt máli við vinnu á mati á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Í kafla tillögunnar um Náttúruverndaráætlun 2014-2018 kemur fram að leggja þurfi áherslu á þá þætti sem hingað til hafi orðið útundan í undirbúningi áætlanna og friðlýsinga og þar m.a. vísað til að lítið hafi verið unnið í friðlýsingum í hafi og mikilvægi háhitasvæða fyrir líffræðilega fjölbreytni. Skipulagsstofnun bendir á að ríkisstjórn Íslands hefur ákveðið

að staðfesta eigi Landslagssáttmála Evrópu, með það að markmiði að vernda landslagsheildir og ósnortin víðerni. Skipulagsstofnun telur því brýnt að huga þegar að friðlýsingu með verndun landslags og víðerna að markmiði. Engin svæði eru nú friðlýst sem ósnortin víðerni og sífellt er gengið á víðernin með framkvæmdum af ýmsum toga, þrátt fyrir að víðerni sé sérstaklega skilgreint hugtak í lögum um náttúruvernd.

Skipulagsstofnun vill einnig benda á mikilvægi þess að verndarsvæði verði hnitsett og helst afmörkuð á loftmyndagrunni sem verði aðgengilegur. Nákvæm afmörkun verndarsvæða skiptir máli við skipulagsvinnu og þegar tekin er afstaða til þess hvort tiltekna framkvæmdir heyri undir lög um mat á umhverfisáhrifum.


Rut Kristinsdóttir

22.11.2009

Alþingi
Erindi nr. P 138/258
komudagur 24.11.2009

Umhverfisnefnd Alþingis

Skorradalshreppur hefur mótttekið til umsagnar - tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009–2013, 200. mál með þeim orðum að: "*Tillagan var send til umsagnar á 136. og 137. löggjafarþingi. Umsagnaraðilum er hér með gefinn kostur á að senda nýja umsögn eða láta fyrri umsögn gilda.*"

Skorradalshreppur kýs að láta fyrri umsögn (um 52. mál) gilda, senda 15.06.09.

Virðingarfyllt
K. Hulda Guðmundsd.

Alþingi
Erindi nr. P 138/364
komudagur 1.12.2009



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Egilsstöðum, 30. nóvember 2009

Efni: umsögn Skógræktar ríkisins um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009–2013, 200. mál.

Skógrækt ríkisins gerir aðeins eftirfarandi athugasemdir við þann hluta náttúruverndaráætlunar 2009-2013 sem snýr að skógum.


Rökin fyrir friðlýsingu skógarsvæðanna þryggja, sem lagt er til skv. náttúruverndaráætlun 2009-2013, eru einkum þau að þar finnist sjaldgæfar ásætufléttur á trjánum. Helstu ógnir við ásætufléttur á þessum svæðum eru taldar vera frístundabyggð og innfluttar trjátegundir.

Frístundabyggð hefur í för með sér ruðning á skógi vegna vega og húsalóða. Þó svo að meirihluti trjáa standi áfram er einhver hættu á því að mjög sjaldgæfar fléttur, sem einungis finnast á örfáum trjám, fari forgörðum. Hitt er svo annað mál að umfang frístundabyggðar í Eyjólfsstaðaskógi jókst ekki á uppgangsrárunum og hún hefur aldrei verið teljandi í Egilsstaðaskógi eða Steinadal. Ógn af frístundabyggð virðist því ekki vera mikil þó svo að tiltekin svæði hafi verið skipulögð.

Flestar tegundir ásætufléttna á trjám eru ekki bundnar við eina trjátegund. Það er afar ólíklegt að barrtrén, sem hafa verið gróðursett í litlum mæli í alla skógana sem hér um ræðir, ógni ásætufléttunum. Þvert á móti, þá er líklegt að helstu áhrif barrtrjáanna gagnvart fléttunum verði að bjóða uppá fleiri og fjölbreyttari búsvæði. Það er jafn vel líklegt að sumar þeirra þrífist betur á barrtrjám en á birkinu.

Birki breiðist nú talsvert út í Steinadal og bæði birkiskógar og gróðursettir skógar breiðast út á Fljótsdalshéraði. Því munu búsvæði ásætufléttna aukast mjög eftir því sem þeir skógar eldast. Skógrækt ríkisins leggst ekki gegn friðlýsingu þessara skóglenda ef landeigendur vilja það. Hins vegar virðist framtíð ásætufléttna á trjám á Austurlandi björt og því er ekki aðkallandi að friðlýsa Egilsstaðaskóg, Eyjólfsstaðaskóg eða Steinadal.

Virðingarfyllst f.h. Skógræktar ríkisins


Þröstur Eysteinnsson
Sviðsstjóri Þjóðskógganna

Alþingi
Erindi nr. P 138/511
komudagur 8.12.2009



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

Skrifstofa Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Mývatnssveit, 7. desember 2009.

Á fundi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps 26. nóvember var eftirfarandi fært til bókar:

“Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013. Með tölvupósti dags. 19. nóvember óskar Umhverfisstofnun Alþingis eftir umsögn sveitarstjórnar á tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013, 200. mál. Þess er óskað að umsögnin berist fyrir 30. nóvember. Enn á ný gerir sveitarstjórn athugasemd við stuttan umsagnarfrest. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps getur í sjálfusér verið sammála því að það sé margt í náttúru Íslands sem beri að vernda og friðlýsa. Hins vegar telur sveitarstjórn óeðlilegt í ljósi niðurskurðar fjármuna til m.a. Umhverfisstofnunar sem hefur umsjón með friðlýstum svæðum að enn eigi að bæta verkefnum á stofnuninna án þess að nokkrir fjármunir fylgi með.”

Þetta tilkynnist hér með.

Bestu kveðji



Guðrún M. Valbjörnsdóttir, sveitarstj.

1.12.2009

Alþingi
Erindi nr. D 138/391
komudagur 2.12.2009

Umhverfisnefnd Alþingis

Erindi Nefndarsviðs var tekið fyrir í bæjarráði Garðs 25. Nóv. Sl. og var afgreitt samkvæmt eftirfaraandi bókun.

18. Tölvupóstur frá Nefndarsviði alþingis, dags 15. nóv. sl. Efni: Umsagnarbeiðni um náttúruverndaráætlun 2009-2013.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við áætlunina.

Þetta tilkynnist hér með.

Með vinsemd
Ásmundur Friðriksson
Bæjarstjóri Garði
Sveitarfélagið Garður
Sunnubraut 4

Alþingi
Erindi nr. P 138/525
komudagur 9.12.2009

8.12.2009

Umhverfisnefnd Alþingis

Vísað er til erindis móttakið 20. nóvember.

Það var tekið fyrir og afgreitt á 83. fundi bæjarráðs og fékk svohljóðandi afgreiðslu

8. Bréf frá nefndasviði Alþingis dags. 19. nóvember. Beiðni um umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013. Bréfið er lagt fram.

Bæjarráð telur að ýmis svæði sem falla undir fyrirhugaðan Eldfjallagarð á Reykjanesi ættu í framtíðinni að falla undir náttúruverndaráætlun. Þetta upplýsist hér með

Róbert Ragnarsson

Alþingi
Erindi nr. P/138/362
komudagur 1.12.2009

Alþingi - Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 27. nóvember 2009
Tilvísun: UST20091100151/sá

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013, 200. mál

Með tölvubréfi dags. 27. nóvember 2009 sendi umhverfisnefnd Alþingis Umhverfisstofnun til umsagnar tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013, 200. mál.

Umhverfisstofnun hefur í fyrri umsögnum sínum um náttúruverndaráætlun gert stuttlega grein fyrir hlutverki sínu við undirbúning friðlýsinga. Umhverfisstofnun vinnur nú að frekari þróun málsmeðferðar við undirbúning friðlýsingar. Sú nýbreytni hefur verið tekin upp að auglýsa drög að friðlýsingarskilmálum opinberlega og gefa kost á að senda athugasemdir til stofnunarinnar. Hefur þetta mælst vel fyrir. Í þessu sambandi má benda á að í nýjum norskum lögum um fjölbreytileika náttúrunnar er kveðið á um slíka auglýsingaskyldu. Má einnig benda á að í finnskum lögum er kveðið á um kynningu tillögu að náttúruverndaráætlun. Umhverfisstofnun telur að samráð við almenning og hagsmunaaðila sé mikilvægur þáttur í undirbúningi aðgerða í náttúruvernd og mun leggja áherslu á þann þátt við nánari útfærslu á verkferli við undirbúning friðlýsingar.

Virðingarfyllt

Sigrún Agústs dóttir

2.12.2009

Umhverfisstofnun

Alþingi

Erindi nr. P 438/424


komudagur 2.12.2009

200.mál



UMHVERFISSTOFNUN

Undirbúningur friðlýsinga



Frá hugmynd.....

Náttúruverndaráætlun – önnur tillaga Svæði sem hafa sérstöðu – sjaldgæfar tegundir Þýðing fyrir markmið Íslands í náttúruvernd skv. lögum og alþjóðlegum samningum.


↓

Ákvörðun um að stefnt skuli að friðlýsingu

↓

Lögbundin málsmeðferð um undirbúning friðlýsingar


➡ samningar ➡ ákvörðun ráðherra



Hlutverk Umhverfisstofnunar

„Umhverfisstofnun skal gera drög að friðlýsingarskilmálum og leggja fyrir landeigendur, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem hagsmuna eiga að gæta.“



Náist **samkomulag** um friðlýsingu skal málinu vísað til umhverfisráðherra til frekari ákvörðunar.



Málsmeðferð við friðlýsingar

Samráð við sveitarstjórnir á fyrstu stigum máls tillagan er kynnt og leitað er eftir viðhorfi landeigenda

- Samráðsáætlun varðandi viðkomandi svæði hagsmunaaðilar tilgreindir og fyrirkomulag samráðs ákveðið.

Málsmeðferð við friðlýsingar

- Leitast er við að ná sameiginlegri sýn á svæðið ➡ greining á tækifærum
- Verndun svæðisins sett í samhengi við núverandi og mögulega nýtingu.
- Bornir saman kostir í m.t.t. áhrifa á umhverfið



Verkefnisstjórnun



Samanburður

Stærðir og tegundir umhverfisvæðingarmála	Stærðir og tegundir umhverfisvæðingarmála
Umhverfisvæðingarmál sem eru ákvarðað og fjárfestir í umhverfisvæðingarmálum.	Umhverfisvæðingarmál sem eru ákvarðað og fjárfestir í umhverfisvæðingarmálum.
Umhverfisvæðingarmál sem eru ákvarðað og fjárfestir í umhverfisvæðingarmálum.	Umhverfisvæðingarmál sem eru ákvarðað og fjárfestir í umhverfisvæðingarmálum.

Efni friðlýsingar

- a. meginatriði verndunar nátturumína.
- b. hversu viðtæk friðunin er.
- c. að hve miklu leyti framkvæmdir eru takmarkaðar.
- d. umferð og umferðarrettur almennings.
- e. notkun veiðiréttar.

Landeigendur og sveitarstjórn undirrita yfirlýsingu **fallist** þeir á skilmála

Kvaðir - viðmið

- Kvaðir við friðlýsingu þurfa að hafa bein tengsl við þá þætti sem verð er að vernda.
- Aðilar sem málið varðar að hafa aðstöðu til að kynna sér markmið stjórnvalda, vega þau og meta.
- Helstu meginreglur um undirbúning ákvarðanatöku í stjórnsýslunni eiga því vel við þegar friðlýsing er undirbúin.

Friðlýsingarákvæði

- Algengt er að kveðið sé á um að hefðbundnar nýttar haldi sér
 - dæmi: ræktun, veiði fugla
- Ýmis konar fyrirkomulag umsýonar
- t.d. umsýon sveitarfélags

NJÓTUM UMHVERFISINS OG
STÖNDUM VÖRD UM ÞAÐ SAMAN



Tilgangurinn

- Mynda net verndarsvæða
- Tryggja verndun landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni
- Vernda það sem sérstætt er í náttúru landsins, fágætt, eða í hættu
- Friða náttúruleg landsvæði til náttúruverndar, vísindarannsókna, vöktunar og útivistar.

Úr náttúruverndarlögum:

65. gr. Náttúruverndaráætlun.

- Umhverfisráðherra skal eigi sjaldnar en á fimm ára fresti láta vinna náttúruverndaráætlun fyrir landið allt og leggja fyrir Alþingi.
- Umhverfisstofnun skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands, náttúrustofur og hlutaðeigandi náttúruverndarnefndir sjá um undirbúning og öflun gagna vegna áætlunarinnar.

Efni náttúruverndaráætlunar

66. gr. Efni náttúruverndaráætlunar.

- Í náttúruverndaráætlun skv. 65. gr. skulu vera sem gleggstar upplýsingar um náttúruminjar, þ.e. náttúruverndarsvæði og líffætur, búsvæði þeirra, vistgerði og vistkerfi, sem ástæða þykir til að fríðlysa. Skal í áætluninni lýst sérkennum minjanna og býðingu þeirra í náttúru landsins.
- Áætlun skal m.a. taka til helstu tegunda vistgerða og vistkerfa hér á landi, svo og jarðmyndana. Við gerð hennar skal m.a. taka tillit til:
 - a. menningarlegrar og sögulegrar arfleifðar,
 - b. nauðsynjar á endurheimt vistgerða,
 - c. nýtingar mannsins á náttúrunni,
 - d. óshortima viðerna.

Efni náttúruverndaráætlunar

- 66. gr. Efni náttúruverndaráætlunar (66. l.)
- Þó skal m.a. miðað við að þau svæði sem áætlunin tekur til:
 - a. hafi stjálsgætar tegunda eða tegunda í útrýmingarhættu,
 - b. séu óvenju löngstarök eða viðvarm fyrir ríðstíu,
 - c. séu nauðsynleg til viðhalds stærkra stofna mikilvægra tegunda,
 - d. hafi verulegt vaxandi-, fátækt-, efnahags- eða menningarlegt gildi,
 - e. séu mikilvæg fyrir viðhaldi náttúrulegra þróisvarfæra,
 - f. hafi alþjóðlegt náttúruverndagildi,
 - g. séu mikilvægt fyrir náttúrufræðisvæðandi tilvæðingum.
- Áætlunin skal m.a. taka til helstu tegunda búsvæða og vistkerfa hér á landi, svo og jarðmyndana. Við gerð hennar skal m.a. taka tillit til:
 - menningarlegrar og sögulegrar arfleifðar,
 - nauðsynjar á endurheimt búsvæða,
 - nýtingar mannsins á náttúrunni,
 - óshortima viðerna.

Að leiðarljósi

- WSSD - 2002: Net verndarsvæða á landi (2010) og í sjó
- Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni
- BERNAR samningurinn
- Ramsar samningurinn
- Tillögur UST um svæði á NVAÆ 2003
- Náttúrumínjaskrá
- Stefnumótun stjórnvalda
 - Stofna um líffræðilega fjölbreytni
 - Sjálfbær þróun
 - Verndun og endurheimt íslenskra birkiskóga
 - Friðun viðkvæmra hafsvæða við Ísland
 - Rammaáætlun

Markmið með friðlýsingum

- Vernda tegundir, vistgerðir, viskerfi og erfðaefni
- Mynda net/kerfi verndarsvæða
- Varðveita líffræðilega fjölbreytni landsins
- Tryggja þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum
- Varðveita sérstæðar jarðmyndanir og landslag
- Varðveita visindalega mikilvæg svæði
- Varðveita náttúruleg svæði til útivistar

28.11.2008

Þorgeir A. Þórhásson

Náttúruverndaráætlun 2009

- höfuðáhersla á plöntur og plöntusvæði
- áhersla á sjaldgæfar vistgerðir á hálendinu
- nokkrar tegundir hryggleysingja sem hafa mjög takmarkaða útbreiðslu á landinu
- net verndarsvæða til styrktar verndun líffræðilegrar fjölbreytni

28.11.2008

Þorgeir A. Þórhásson


Fjöldi og stærð friðlýstra svæða

	Fjöldi	Stærð í ha.
• Þjóðgarðar	3	1.346.690
• Sérlæg	2	427.415
• Náttúruvætti	36	13.156
• Friðlönd	38	267.271
• Fólkvangar	19	42.177
• Búsvæði	2	2.172
Alls	100	2.098.881

28.11.2008


Þorgeir A. Þórhásson

Fjöldi og flatarmál friðlýstra svæða 2008



28.11.2008

Þorgeir A. Þórhásson



Plöntusvæði

- Snæfjallaströnd - Kaldalón
- Eyjólfsstaðaskógur
- Egilsstaðaskógur og Egilsstaðaklettur
- Gerpissvæðið
- Steinadalur í Suðursveit (verður hluti af Vatnajökulsþjóðgarði)

28.11.2008

Þorgeir A. Þórhásson

Vistgerðir

- Tvær vistgerðir á hálendinu friðlýstar
 - rústamýravist og breiskjúhraunavist
- Friðlýsing svæða
 - Friða Orravatsnrústir
 - Stækka friðlandið í Þjórsárverum
 - Svæði í Skaftártungum og á Síðuafretti (verða hluti af Vatnajökulsþjóðgarði)

Friðun tegunda

- 24 tegundir háplantna
- 45 tegundir mosa
- 90 tegundir fléttna
- þrjár tegundir hryggleysingja:
 - tröllasmður,
 - tjarnaklukka og
 - brekkubobbi

Háplöntur sem verða friðlýstar




Svæði á Náttúruverndaráætlun 2009


Náttúruverndaráætlun 2009-2013

Verndarsvæði

1. Svæði umhverfis fjallveginn
2. Svæði umhverfis fjallveginn
3. Svæði umhverfis fjallveginn og Svæði umhverfis fjallveginn
4. Svæði umhverfis fjallveginn
5. Svæði umhverfis fjallveginn
6. Svæði umhverfis fjallveginn
7. Svæði umhverfis fjallveginn
8. Svæði umhverfis fjallveginn
9. Svæði umhverfis fjallveginn
10. Svæði umhverfis fjallveginn
11. Svæði umhverfis fjallveginn
12. Svæði umhverfis fjallveginn og Svæði umhverfis fjallveginn
13. Svæði umhverfis fjallveginn og Svæði umhverfis fjallveginn



Friðlýst svæði og svæði á nvæ 2009



Snæfjallaströnd

- 16.540 ha að stærð
- Verndun um 20 tegunda sjaldgæfra plantna



Staður	Stærð	Stærð	Stærð
Snæfjallaströnd	16.540 ha	16.540 ha	16.540 ha
Snæfjallaströnd	16.540 ha	16.540 ha	16.540 ha
Snæfjallaströnd	16.540 ha	16.540 ha	16.540 ha

Eyjólfstaðaskógur

- Um 330 ha.
- Búsvæði fyrir um 10 sjaldgæfra fléttutegunda

Tegund	Færslafræðingur
Birkislegg	Einn af 11 fundurstöðum
Flatþembe	Einn af allmörgum fundurstöðum
Flatþembe	Einn af allmörgum fundurstöðum
	<u>Einn af fjórum fléttutegundum</u>
Óljáþembe	Einn af 14 fundurstöðum
Óljáþembe	Einn af 14 fundurstöðum
Óljáþembe	Einn af 14 fundurstöðum
Óljáþembe	Einn af 14 fundurstöðum
Óljáþembe	Einn af 14 fundurstöðum
Óljáþembe	Einn af 14 fundurstöðum



Egilsstaðaskógur

- Um 2.470 ha og 16 sjaldgæfar plöntu- og fléttu tegundir

Tegund	Fjöldur	Færslafræðingur
Birkislegg	1	Einn af 11 fundurstöðum
Flatþembe	1	<u>Einn fundurstaður</u>
Flatþembe	1	Einn af fjórum fundurstöðum
Flatþembe	1	Einn af fjórum fundurstöðum
Flatþembe	1	Einn af fjórum fundurstöðum
Flatþembe	1	Einn af fjórum fundurstöðum
Flatþembe	1	Einn af fjórum fundurstöðum
Flatþembe	1	Einn af fjórum fundurstöðum
Flatþembe	1	Einn af fjórum fundurstöðum
Flatþembe	1	Einn af fjórum fundurstöðum
Flatþembe	1	Einn af fjórum fundurstöðum
Flatþembe	1	Einn af fjórum fundurstöðum
Flatþembe	1	Einn af fjórum fundurstöðum
Flatþembe	1	Einn af fjórum fundurstöðum
Flatþembe	1	Einn af fjórum fundurstöðum
Flatþembe	1	Einn af fjórum fundurstöðum



Gerpissvæðið

- Um 15.600 ha
- Fjöldmargar sjaldgæfar tegundir háplantna

Tegund	Fjöldur	Færslafræðingur
Óljáþembe	1	Einn af fjórum fundurstöðum
Óljáþembe	1	Einn af fjórum fundurstöðum



Skóglendi við Hoffell

- Um 5.100 ha
- Fjöldi sjaldgæfra plöntutegunda


Tegund	Fjöldur	Færslafræðingur
Birkislegg	1	Einn af fjórum fundurstöðum
Birkislegg	1	Einn af fjórum fundurstöðum
Flatþembe	1	Einn af fjórum fundurstöðum
Flatþembe	1	Einn af fjórum fundurstöðum
Flatþembe	1	Einn af fjórum fundurstöðum
Flatþembe	1	Einn af fjórum fundurstöðum
Flatþembe	1	Einn af fjórum fundurstöðum
Flatþembe	1	Einn af fjórum fundurstöðum
Flatþembe	1	Einn af fjórum fundurstöðum
Flatþembe	1	Einn af fjórum fundurstöðum
Flatþembe	1	Einn af fjórum fundurstöðum
Flatþembe	1	Einn af fjórum fundurstöðum
Flatþembe	1	Einn af fjórum fundurstöðum
Flatþembe	1	Einn af fjórum fundurstöðum
Flatþembe	1	Einn af fjórum fundurstöðum
Flatþembe	1	Einn af fjórum fundurstöðum



Skóglendi í Steinadal

- Um 5.100 ha
- Fjöldi sjaldgæfra plöntutegunda, aðallega fléttu

Tegund	Fjöldur	Færslafræðingur
Birkislegg	1	Einn af fjórum fundurstöðum
Birkislegg	1	Einn af fjórum fundurstöðum
Flatþembe	1	<u>Einn fundurstaður</u>
Flatþembe	1	Einn af allmörgum fundurstöðum
Flatþembe	1	Einn af allmörgum fundurstöðum
Flatþembe	1	Einn af allmörgum fundurstöðum
Flatþembe	1	Einn af allmörgum fundurstöðum
Flatþembe	1	Einn af allmörgum fundurstöðum
Flatþembe	1	Einn af allmörgum fundurstöðum
Flatþembe	1	Einn af allmörgum fundurstöðum
Flatþembe	1	Einn af allmörgum fundurstöðum
Flatþembe	1	Einn af allmörgum fundurstöðum
Flatþembe	1	Einn af allmörgum fundurstöðum
Flatþembe	1	Einn af allmörgum fundurstöðum
Flatþembe	1	Einn af allmörgum fundurstöðum
Flatþembe	1	Einn af allmörgum fundurstöðum



Rústamýravist og breiskjuhraunavist



Dýrasvæði

- Undirhlíðar í Nesjum
- Tjarnir á Innrihálsi í Berufirði
- Hvannstöð undir Reynisfjalli

1. 2014

Veður & Þróun

Tröllasmiður, tjarnaklukka, brekkubobbi



1. 2014

Jarðfræði og landslag - Langisjór

- Langisjór og nágrenni (verður hluti af Vatnajökulsþjóðgarði)
- Um 40.400 ha. svæði
- Langisjór, Fögrufjöll, Grænifjallgarður og hryggir vestan Langasjávar
- Mestu móbergshryggir landsins




1. 2014

Veður & Þróun



Alþingi
Erindi nr. Þ 138/307
komudagur 26.11.2009



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Keldnaholti, 112 Reykjavík, Sími 5806300, Símbréf 5806301,

Netfang: veidimalastofnun@veidimal.is, Veffang: www.veidimal.is

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 24. nóvember 2009

Mál 200.

Veiðimálastofnun barst til umsagnar mál 200 í þingskjali nr. 224, tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun. Hér er um mikilvægt mál að ræða. Settar eru fram tillögur um verndun ákveðinna svæða, vegna jarðmyndana, gróðurs, dýralífs eða vistgerða. Áætlunin er að mörgu leyti vel unnin en ber þess merki að Náttúrufræðistofnun hefur ein unnið að þessari áætlun, því ekki eru tekin til svæði í ferskvatni eða sjó. Veiðimálastofnun er reiðubúin að koma að slíkri vinnu er lítur að vistkerfum í fersku vatni í næsta áfanga þessarar vinnu. Að öðru leyti gerir Veiðimálastofnun ekki athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllst,

Sigurður Guðjónsson, forstjóri